

ÞORSTEINN GUÐJÓNSSON

Líf er á öðrum stjörnum

KENNING DR. HELGA ÞJETURSS
Í LJÓSI NÝRRÁ STAÐREYNDA

ÚTGEFANDI: FÉLAG · NÝALSSINNA

LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM

STJÖRNUM

RENNINGURINN

FRÓÐLEIÐ

FRÓÐLEIÐ

FRÓÐLEIÐ

ÞORSTEINN GUÐJÓNSSON:

LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM

KENNING DR. HELGA ÞJETURSS

Í LJÓSI NÝRRA STAÐREYNDA

STUTT ÁGRIP

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Reykjavík 1973.

Fyrirsagnir:

Bls.:

1. Dr. Helgi Pjeturss, íslenzkur náttúrufræðingur	5
2. Hnettir himingimsins eru heimkynni lífsins . . .	8
3. Hugsamband er orkugeislun	11
4. Draumur eins er vökulíf annars	14
5. Síðari draumarannsóknir styðja sambandskenn- inguna	20
6. Lífgeislun er sönnuð	24
7. Sönnun lífgeislans sannar möguleika framlífsins . .	30
8. Stíllíáhrif eru þáttur í sérhverju sambandsfyrirbæri	33
9. Framlíf—framlíf—samstilling	37
10. Á miðilfundum. Nýalsstefna og spírítismi	41
11. Önnur fyrirbæri, aðrar hugmyndir	46
12. Líf er á öðrum stjörnum	62

Forsíðumynd:

VETRARBRAUTIN M 81 Í KARLSVAGNINUM.

Hún er í u.p.b. 10 milljóna ljósára fjarlægð og talin ein hin fegursta af „nálægum vetrarbrautum“. Hinn dansandi léttleiki, sem þessi vetrarbraut virðist hafa í hreyfingu sinni, vekur undireins þá hugmynd, að sköpun þess heimshverfis hafi öll að óskum gengið. En það myndi þýða, að lífið hefði þar náð réttu stefnu.


Bók þessi er hin fyrsta í flokki rita, sem fyrirhugað er að gefa út á vegum Félags Nýalssinna. Síðari ritum er ætlað að fást við afmarkaða þætti þess málefnis, sem hér eru sögð deili á í höfuðdráttum.

1. Dr. HELGI PJETURSS, íslenzkur náttúrufræðingur.

Dr. Helgi Pjeturss var einn af frumherjum raunvísinda á Íslandi, og á sviði íslenzkrar jarðfræði á hann engan sinn líka. Lagði hann þar meiri og traustari undirstöður en nokkur annar fræðimaður, fyrir eða síðar. Hafa allar aðalkenningar hans á því sviði sannazt, og „mynda þann stofn, sem allar síðari rannsóknir á landinu eru greinar af“ (Guðm. Kjartansson 1969). Helgi Pjeturss er „mestur íslenzkra náttúrufræðinga“ (Þorl. Einarsson 1972).

Snemma veittu menn athygli rithætti hins unga náttúrufræðings og hefur mönnum fundizt mikið um þá list hans og snilligáfu æ síðan. Á fyrstu árum aldarinnar var dr. Helgi einn af kunnustu ritgerðahöfundum á íslenzku um sagnfræðileg, heimspekileg og náttúrufræðileg efni. Þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður, tókst honum að vinna þau verk, sem sýndu frábæra hæfileika hans á sviði rannsókna og ritmenntar.

Um nær 40 ára skeið ritaði dr. Helgi um hina nýju heimspeki, sem ýmsir hafa talið aðalárangurinn af ævistarfi hans, ennþá fremur en hið mikilvæga jarðfræðiverk. Höfuðritin eru *Nýall* (1919—1922) og fimm aðrar bækur sem bera lík nöfn (1929—1947). Heimspeki hans náði ekki framgangi eða viðurkenningu að neinu ráði um hans daga, enda lá hugsunin um líf á öðrum hnöttum og samband við það, yfirleitt fjarri mörgum samtíðarmönnum hans. Menn kynnu að spyrja, hversvegna maður sem skildi eftir sig slík verk sem dr. Helgi gerði hefur ekki verið meir



Dr. HELGI PJETURSS
1872—1949.

umtalaður en raun ber vitni. Til þess lágu ýmsar ástæður en benda má á það að straumur tímans, hinar ýmsu stefnur og kenningar, sem mest fylgi höfðu, voru þarna andstæðar og til hindrunar, en þær hafa síðan beðið skipbrot að meira eða minna leyti. Og svo var líka alltaf hættan sú í smáu þjóðfélagi eins og hinu íslenska, að mönnum yrði það ofviða að viðurkenna mjög mikla yfirburði.

Önnur aðalástæða þess, að skort hefur á þær undirtektir sem verki dr. Helga ber, er sú tregða, sem sumir lærðir menn hafa gagnvart því að hugleiða nokkuð, sem varðað getur líf eftir þetta líf. Þar sem heimspeki dr. Helga kemur einmitt mjög að því máli, og færir mönnum að vísu óvænta lausn þeirrar gátu, hafa ýmsir hafnað henni af þeim sökum einum, án athugunar.

Þrátt fyrir alla andstöðu átti dr. Helgi, sem rithöfundur um þessi efni, jafnan einlæga aðdáendur meðal lesenda hins íslenska máls, og virtist þeim, að varla hefði merkilegri boðskapur nokkru sinni komið fram en sá, sem bókin Nýall hefur að flytja.

Frá árinu 1950 hefur verið starfandi Félag Nýalssinna, og er grundvöllur þess einmitt sá, að mörgum hefur þótt hugsun dr. Helga merkileg. Nýalssinnar leitast við að kynnast þeirri hugsun sem bezt, tileinka sér hana, vekja athygli á henni og beita henni til skilnings á nýjum fyrirbærum og málefnum. Nýalssinnar vilja efla fram þann kraft, lífinu til heilla, sem Helgi Pjeturss hefur uppgötvað.

Á eftirfarandi blaðsíðum leitast einn af lesendum Nýals við að gera grein fyrir nokkrum höfuðatriðum þessarar kenningar, og sýna hvernig hún stendur af sér gagnvart ýmsu, sem komið hefur fram á síðari árum í vísindalegum uppgötvunum og viðhorfum, og grundvallarþýðingu hefur.

2. Hnettir himingeimsins eru heimkynni lífsins.

Frá örófi alda hafa menn horft til stjarnanna, ýmist með dýrkun og lotningu eða með vökulum augum og spurulum. Lengi var það, að menn vissu ekki, hvað þeir höfðu þar fyrir augum, og með ýmsum þjóðum voru stjörnumar dýrkaðar sem guðir. Leifar af því eru hin fornu rómversku guðanöfn á reikistjörnum sólhverfisins: Merkúr, Venus, Marz, Júpiter og Satúrnus. Meðan hin forngríska menning reis sem hæst, komust ýmsir hinir vitrustu menn furðu nærri hinu rétta um eðli stjarnanna, en það glataðist seinna í aldanna rás. Með Kópernikusi og Brúnó, vaknaði að nýju sá heimsfræðiskilningur, sem framfarahæfur var — og langhæst náði Brúnó, þegar hann lýsti yfir því, að stjörnumar sem sjást fyrir utan braut Satúrnusar, væru sólir. Með þeirri hugsun var þröngsýni og innilokun jarðarbúans rofin, og blasti þá við opin sjón til óendanleikans. Þó að ýmsum yrði ekki vel við, varð hin nýja hugsun ekki stöðvuð, og smám saman varð hún allra eign. Heimsmynd Brúnós er hin rétta og verður ekki hnekkt, enda hafa vísindin allt fram á þennan dag verið að staðfesta það, sem hann sagði fyrir.

Allsstaðar um hinn óendanlega geim eru sólir og jarðir, og stjörnumar, sem sjást á heiðum næturhimni, eru hinar fjarlægu sólir, sem lýsa ókunnum reikistjörnum. Úr órafjarska koma þessu ljósboð frá fjarlægum heimum, og þau hafa verið lengi á leiðinni. Ljósíð frá Siríusi — hann sést á suðurhimni, þegar að vetri líður — hefur verið tæp níu ár á leiðinni, frá því það lagði af stað, ljós Blástjörn-



HVERSU MARGIR BYGGÐIR HNETTIR. . ?

Stjörnuþykki í Sefeifs-merki á norðurhimni. — Úr „Schneller als das Licht“.

unnar (Vegu) ein 26 ár, og ljós stjörnuþokunnar í Andrómedu, sem sjónglökkir menn geta eygt með berum augum í bezta skyggni, er orðið meir en tveggja milljóna ára gamalt, þegar það loks nær augum vorum. Til eru vetrarbrautir í margþúsundfaldri þessari fjarlægð og ljósið þaðan, sem nú er að koma að, er eldra en jörðin. Það lagði af stað, áður en sá „heimur var skapaður“, sem jörðin er. Og þeir sem þaðan horfa, munu nú geta séð, í órafjarska geimsins, með allra fullkomnustu sjóntækjum, lítinn ljósdepil, sem er ekki annað en vetrarbraut vor með milljón milljón stjörnum. Einhversstaðar í þeim depli er að finna þá sól og þá jörð og það land, sem er heimur og heimkynni þeirra, sem þessar línur lesa.

Saga efnisins í þessum mikla heimi, saga sólna og jarða, er mikil saga, en meiri er þó saga lífsins, sem á þessum stjörnum þróast. Það er ekki fyrr en stjörnufræðin verður að þætti í stjörnulíffræði, sem hún fer að fá verulegt gildi og koma öllum við. Og þó héldu menn lengi, að stjörnufræðin ætti aðeins að vera ólífræn, dauð og köld. Þekking á lífinu í alheimi væri óhugsandi, og sennilega væri líf hvergi til nema hér. Gegn þessu áhrifavaldi hins skamm-sýna aldaranda reis hin íslenzka hugsun. Nýall er hin langöflugasta hugsun til sambands við lífið á stjörnunum, sem komið hefur fram á þessari jörð. Hér á Íslandi hefur, þar sem Nýall er, verið eins og varnarvirki heilbrigðrar hugsunar í trylltum og ráðlausum heimi. Hér hefur það verið sagt, að byggð væri á stjörnunum. Hér hefur það verið sagt, að samband væri milli lífsins á stjörnunum. Og hér hefur það verið sagt, og rökum stutt, að fullkomnun sambanda við aðrar stjörnur er það mark, sem keppa ber að og efna til, ef mannkynið á nokkra framtíð að eiga fyrir höndum sér.

3. Hugsamband er orkugeislun.

Stöku sinnum verða menn þess varir, — sumir meir en aðrir — að þeir hafa hæfileika til hugsambands, eða til þess að veita viðtöku hugsunum annarra, án þeirra milli-liða, sem boð og bendingar venjulega eru. Þetta fyrirbæri hefur lengi þekkt verið. Sagan segir að Helgi Njálsson frá Bergþórshvoli hafi vitað það í Orkneyjum, sem var að gerast í Skotlandi, áður en nokkrar fréttir fóru þar á milli, og víða eru í Íslendingasögum glöggar frásagnir af slíkum fyrirbærum. Í kristnum ritningum eru ýmis eftirtektafverð dæmi um þennan hæfileika og á níttjándu öldinni, öld menntunar og framfara, varð hann smám saman kunnur undir nafninu Telepati, sem er grískt orð og þýðir fjar-næmi, eða fjar-hrif. Vitringurinn Schopenhauer sagði nær miðri 19. öld, að það að bera briggur á tilvist þessa fyrirbrigðis bæri ekki vott um efahyggju eða varfærni, heldur hreint og beint um fáfræði. Og þegar leið á öldina og um aldamótin, var menntun og menning yfirleitt komin á það stig, að veruleg viðurkenning var á þessu fyrirbæri fengin. Sést það meðal annars á því, að sumir sem þá vildu rengja miðilshæfileika eða boðskap frá framliðnum, reyndu stundum að skýra upplýsingar miðlanna með því, að þeir hefðu fengið þær frá fundargestum með fjarhrifum.

Um 1930, þegar fór að syrta að síðari heimsstyrjöldinni, harðnaði mjög andstaðan gegn allri viðurkenningu á þessum efnum, og þegar rannsóknarnefndir voru skipaðar, til þess að athuga miðla eða fólk með hæfileika á þessum sviðum, voru þær venjulega skipaðar bæði andstæðingum

og fylgismönnum fyrirbæranna, til þess að gæta hlutleysis. Alloft mistókust þessar tilraunir, þegar á hólminn kom, og er ekki ósennilegt, að þar hafi stundum komið til greina stilliáhrif frá óvinveittum þátttakendum. En þar sem hvorki fylgismenn né andstæðingar þekktu lögmál stilliáhrifanna, greiddist lítt úr slíkum málum.

Til voru einlægir og sjálfstæðir vísindamenn, sem undu því ekki, að málin væru þannig flækt, og meðal þeirra var William McDougall, hinn frægi sálfræðingur og líffræðingur. Hann lagði á ráðin um þá aðferð, sem síðan var notuð og framkvæmd af sálfræðingnum dr. Rhine, að gera tölfraðilegt yfirlit um hugsambandstilraunir. Með því að hafa tilraunirnar nógu margar, mátti sýna fram á yfir gnæfandi tölfraðilegar líkur fyrir hugsambandi. Rannsóknir sínar í þessa átt stundaði dr. Rhine síðan áratugum saman, og urðu þær víða kunnar, sem röksemd fyrir raunveruleika hugsambands. En þær megnuðu þó ekki að snúa stefnu háskólafræðanna til viðurkenningar á þessum efnum, því að þar var við ramma hleypidóma að etja. En á meðan þessu fór fram, urðu milljónir manna engu að síður fyrir glöggri reynslu af þessum hlutum, og reyndar hver einasti maður á einhvern hátt, því að það er í eðli lífsins, að slíkir hlutir eru mögulegir, og hljóta að gerast. Á síðari árum hefur orðið mikil breyting á afstöðu vísindamanna erlendis, og eru þeir yfirleitt horfnir frá því að neita þessum staðreyndum.

Dr. Helgi Pjeturss hélt fram raunveruleika hugsambands um langt skeið, einmitt meðan stefna vísindanna var slíku sem andstæðust. Hefur kunnur maður, Anthony Brooke, fyrrum þjóðhöfðingi í Sarawak, tekið svo til orða að hann beri mikla virðingu fyrir verki dr. Helga, m.a. vegna þess, að hann hafi sem vísindamaður viðurkennt fjarhrif,

og verið þar á undan sínum tíma. — Í augum margra Íslendinga er það næsta sjálfsagt, að hlutir eins og fjarhrif eigi sér stað, og eiga sumir erfitt með að skilja, að þessi afstaða dr. Helga hafi verið nokkuð sérstök; og einmitt af þeim sökum getur það verið fróðlegt fyrir þá að vita, að í augum hins víðförla heimsborgara, ber það vott um brautryðjendahugarfar, að hafa sem vísindamaður viðurkennt fjarhrif á þeim árum.

Þegar menn hugleiddu fjarhrifasambandið í byrjun aldarrinnar, eins og reyndar margir gerðu, fór ekki hjá því, að menn leituðu sér skýringar. Þar sem rafmagnsfræðin tók um þær mundir stórstígum framförum, og loftskeyta- og útvarpssambandið var fundið, datt ýmsum í hug, að hugsanaöldur gætu borizt á líkan hátt og rafsegulöldur. En mælingamenn þóttust ekkert finna, sem benti til slíks, og tilraunir sem gerðar voru, bentu eindregið til þess, að hugsambandið byggðist ekki á rafsegulgeislun. Þar sem mönnum hugkvæmdist ekki að víkka orkuhugtakið til samræmis við þessar niðurstöður, má vera að vonbrigðin hafi átt þátt í að draga úr áhuga manna á rannsóknum á þessum sviðum — eða þá að menn sneru baki við vísindalegri hugsun og gengu dulrænunni á hönd.

Dr. Helgi skýrði hugsambandið sem lífgeislunarfyrrbrigði. Einn heili hefur þau áhrif á annan, að sama ástand verður þar, og á þann hátt berst „hugskeytið“ á milli. Dr. Helgi gerði sér fullkomlega ljóst, að úr því að hugskeytin berast, þá hlýtur að vera eitthvert orkufyrirbæri þeim samfara. Og þar sem hann varð þess var, að hugsanir bárust til hans á þennan hátt — hann hafði sem vísindamaður langa æfingu í því að athuga — hikaði hann ekki við að draga þá ályktun, að nýr skilningur á eðli orkunnar væri nauðsynlegur, skilningur sem varðaði bæði eðlisfræði og líf-

fræði og alla náttúrufræði. Náttúrulega voru þessar ályktanir hans samþættar allri rannsókn hans á eðli svefnis og drauma, og ýmsu fræðilegu yfirliti, en þetta var í stuttu máli sagan af því, hvernig hann fór að því að uppgötva þessa orku, sem er samfara öllu hugar- og lífstarfi, og nær stjarnanna á milli á skemmri tíma en augabragði. Það var einfalt mál, eins og allar miklar uppgötvanir hafa verið, en einmitt þetta skref, sem svo mikið valt á að stigið yrði, varð brautryðjandinn einn til að stíga svo að dygði.

4. Draumur eins er vökulíf annars.

Allir þurfa að sofa, og alla menn dreymir. Mennt geta ekki lifað án svefnis, og draumur er hverjum í hug, þegar hann vaknar. Hvernig er það að dreyma, og hvað er það að dreyma?

Það er ekki að ástæðulausu, að slíkra spurninga er spurt. Það væri töluvert meiri ástæða til að furða sig á, að slíkra spurninga skuli ekki vera spurt miklu oftari en gert er. Mönnum er t.d. vel kunnugt um hinar geigvænlegu afleiðingar svefnleysis og einnig um hitt, að allt að þriðjungi hverrar mannsævi fer í svefn og drauma.

Svefn og draumar eru náttúrufrýrbrigði, engu síður en t.d. öndunin og blóðrásin, og þegar rannsaka skal slík fyrirbrigði, verður að gera ákveðnar undirstöðuathuganir. Dr. Helgi Pjeturss byrjaði rannsóknir sínar á því að gera slíkar athuganir. Hann byrjaði á því að gera sér ljósa grein fyrir þeim mun, sem er á svefnvitund og vökuvitund, og þakkar hann að vísu spekingnum Schopenhauer það, að

athygli hans vaknaði þar á. Dr. Helgi segir, að þessi munur verði að vera aðalrannsóknarefnið, ef vita skal eðli drauma. Hann segir svo.

„Hver þessi munur er, má skýra þannig:

Maður horfir út um glugga og sjer hest. Þessi stórmerki-lega myndavjel, sem kölluð er auga, býr til mynd af hestinum, og þetta hefur þau áhrif á heila mannsins, að í meðvitund hans verður mynd af hestinum. Maðurinn gengur síðan frá glugganum og sest í stól og fer að hugsa um hestinn. Hugtakið hestur er að vísu í meðvitund hans, ýmsar endurminningar um stærð, lit og vaxtarlag hestsins, en mynd af hesti er þar ekki. Nú sofnar maðurinn í stólnum og dreymir hest. Og nú er aftur orðin breyting á meðvitundinni; nú er ekki eins og þegar hann hugsar sjer hest, heldur eins og þegar hann sjer hest. Að dreyma hest er að sjá hest, en ekki eins og að hugsa sjer hest.

Og virðum vjer fyrir oss aðra skynjun, þá er eins. Maður sem er á gangi t.d., hefir ýmsar tilfinningar sem ganginum eru samfara. Haldi hann kyrru fyrir, og hugsu um hvernig er að vera á gangi, þá eru ekki slíkar tilfinningar í meðvitund hans, heldur endurminningin um þær. En að dreyma gang er aftur eins og að vera á gangi“.

Þetta var sá merkilegi munur sem dr. Helgi sá að byrja varð á að rannsaka og það var lengi sem honum varð þar ekkert ágengt. En það er ástæða til að vekja athygli á því, að þessi undirstöðuathugun er alveg óháð því, sem þarna kom honum að lokum til skýringar. Eins og þegar hefur verið tekið fram, var það mjög í tízku meðal vísindamanna á þessum tíma — og lengi síðar — að ganga framhjá öllu því, sem varðaði hugsamband og fjarhrif. En það var einmitt úr þeirri óvæntu átt, sem dr. Helga kom skýringin á þessari ráðgátu. Hann hafði tekið eftir því, að í huga

hans voru, við og við, að koma orð og orðatiltæki, á þann hátt sem undarlegt var. Orðum þessum eins og skaut upp í meðvitund hans, án þess að hann hugsaði þau, og þakkar hann það æfingu sinni í að athuga, að hann veitti þessu athygli. Náttúrulega var þetta athvarf fáfræðinnar, sem menn hafa kallað undirvitund, við hendina þessu til skýringar, segir hann, en hann reyndist of giftudrjúgur til þess að lenda í þeim ógöngum. Önnur leið var það sem hann reyndi. Honum kom í hug, hvort þessi orð myndu ekki vera komin í huga hans úr öðrum hugum, líkt og loftskæti berast. Og þegar hann fór að prófa þetta fann hann, að hann var kominn á leiðina fram.

„Til sjerhvers orðs í meðvitundinni, svarar sjerstakt ástand heilans. Og ef nú getur flutst orð frá huga til huga, þá er það af því, að ástand eins heila hefur þau áhrif á annan heila, að sama ástand verður þar. Eða með öðrum orðum, ástand eins heila getur framleitt sig í öðrum heila. En ef svo er, þá getur alveg eins flutst frá einum heila til annars, það ástand, sem samsvavar mynd í meðvitund þess, sem heilann á. En það verður sama sem að einn maður geti sjeð með augum annars. Eða með öðrum orðum: Það sem ein augu sjá, getur komið fram, eigi einungis í þeim heilanum sem augun fylgja, heldur einnig í öðrum“.

Hér hefur í fáum orðum verið rakið, með stuttum tilvitnunum, það sem dr. Helgi kveðst ekki hafa verið neitt fljótur að gera sér fullkomlega ljóst. Og það er ekki heldur hægt að ætlast til þess af lesandanum, að honum verði þetta fullkomlega ljóst, fyrir en eftir nokkra umhugsun. En þegar maður hefur á annað borð gert sér grein

fyrir ýmsum staðreyndum hugsambands og fjarhrifa, sem nú eru alviðurkenndar, þá fer ekki heldur hjá því, að honum verði ljóst, að leiðin fram er ekki í því fólgin að ganga framhjá staðreyndum, heldur í því að álykta á þann veg sem dr. Helgi gerði. Niðurstaðan hlýtur að verða sú, að hér er fundin leið til að ráða þá gátu, sem hafði svo torsóttleg virzt: „Ástand eins heila og taugakerfis getur komið fram í öðrum heila og öðru taugakerfi. Af þessu er draumlífið sprottið“.

„Jeg fór nú að leita fyrir mjer“, segir dr. Helgi, „hvort ekki mætti finna neitt sem beinlínis sannaði, að draumlífið væri þátttaka í vökulífi annars. Og að vísu hefi jeg fundið það, sem eru fullgildar sannanir fyrir því, að draumvitundin er einmitt annars meðvitund“. Kemur hann þar að athugunum, sem hann hafði gert, áður en hann komst á skilningsleið í þessum efnunum, og segir svo frá því, hvernig þær athuganir komu nú að haldi:

„Leiðin til skilnings er sem nú skal sagt. Ef draumlíf mitt er vökulíf annars manns, draumgjafans, þá á það, sem mjer þykir í draumi vera mitt útlit, að vera frábrugðið því, sem er í raun og veru; því að það sem mjer þykir í draumi og vera mitt útlit, er þá hugmynd annars manns, draumgjafans, um sitt útlit. Og langvinn athugun hefur fullvissað mig um, að þetta er einmitt þannig. Alltaf þegar jeg í draumi þykist vita nokkuð greinilega um útlit mitt, eða rjettara sagt, sje útlit mitt, þá er það ekki mitt útlit, sem mig dreymir“.

Þessa athugun dr. Helga hafa margir getað staðfest af eigin reynd. Flestir hafa þá sögu að segja, að ef þeim varð í draumi litið í spegil, þá sáu þeir þar annað andlit en sitt eigið.

Dr. Helgi rekur síðan, í Annarri uppgötvanasögu, hvernig

rannsókn hans gekk fram, stig af stigi, og hvernig smám saman varð ljósara yfir þessum efnum í huga hans. Hann sýnir fram á lögmál rangþýðinganna, sem segir til sín í flestum draumum, og veldur því — vegna ónógrar samstillingar við draumgjafann — að margir draumar verða svo ruglingslegir sem raun ber vitni. Rangþýðingar eru í sjálfu sér ekki annað en sérstök tegund af missýningum sem allar eiga undirrót sína í þeim höfuðmisskilningi dreymandans að halda það vera sjálfan sig, sem er annar maður. En lögmál rangþýðinganna taldi dr. Helgi alveg sérstaklega mikilvægt, því að þar var fundin óyggjandi sönnun þess, að draumsýnirnar eru ekki búnar til af luganum sjálfum. Draumskynjanirnar vekja endurminningarnar, tengjast þeim þannig að dreymandanum finnst þær vera kunnuglegar myndir — þangað til sambandið skýrist og missýningin eyðist. En hitt er misskilningur, að endurminningarnar skapi draumsýnirnar.

Dæmi um rangþýðingu: Mig dreymir, að ég sé á gangi með kunningja mínum, einhverjum tilteknum manni, sem ég þekki í raun og veru, en svo verður mér litið á hann í draumnum og sé þá allt annan mann. Þá segja margir frá draumi á þann hátt, að þessi hafi breytt í annan. Raunveruleikinn er hinsvegar sá, að þetta var einhver maður, sem gekk við hlið draumgjafa míns, og það var aðeins rangþýðing mín að gera úr honum kunningja minn.

Dr. Helgi sýndi fram á það — sem flestir samtímamenn hans voru ekki sérlega fúsir til að láta sér skiljast — að draumsamböndin eru ekki aðeins við menn í fjarlægum landshlutum eða fjarlægum löndum, heldur einnig og jafnvel oftast, við íbúa annarra hnatta. Með því að rannsaka draumsýnirnar nógu nákvæmlega, má ganga úr skugga

um, að þær stafa oft, jafnvel oftast, frá mönnum og mannfélögum á öðrum hnöttum. Hið mikla samband lífsins í alheimi blasti hér við, og lögð var undirstaða stjörnulíf-
fræðinnar. Afleiðingarnar af þessum vísindasigri munu verða hinar stórkostlegustu, hvert sem litið er — þegar farið verður að neyta hans til rannsókna og athugana — og bókin Nýall er fyrst og fremst bókin, sem segir frá þessari miklu uppgötvun. Samband lífsins á jörðu hér við lífið í alheimi var alltaf fyrir hendi, og hugsamband mannkynsins hér á jörð við íbúa annarra jarða var alltaf fyrir hendi, en það er dr. Helgi Pjeturss, sem hefur uppgötvað það.

Dæmi um vitundarsamband við annan hnött: Á 13. öld vissu menn ekkert um aðrar sólar og önnur sóllhverfi. En í Sturlungu (Hrafns sögu), segir þannig frá Eyjólf Snorrasyni, sem var einn af vinum Hrafns Sveinbjarnarsonar: „Hann dreymdi, at hann þóttist út koma. Hann þóttist sjá tungl svá mörg sem stjörnur á himni, sum full, sum hálf, sum meir eða minnr vaxandi ok þverrandi. Ok er hann undraðist þessa sýn, þá þóttist hann sjá mann standa hjá sér“ (Maðurinn kvað vísu).

Jarðstjörnumar hafa, hver fyrir sig, mjög mismörg tungl í fylgd með sér, og smástirnabeltið milli Mars og Júpíters segir sína sögu um það, að ekki þurfi að vera mjög sjaldgæft í alheimi, að byggður hnöttur hafi með sér mikinn fjölda tungla, og mundi þaðan þá einmitt blasa við á næturhimni sama sjón og sú sem segir af í draumi Eyjólf, mörg smátungl með kvartilaskiptum á ýmsum stigum. Það er stjörnufræðilega ómótmælanlegt, að þannig mundi sýnin verða, á slíkri jörð, og það er líka jafnvíst, að sýn Eyjólf var ekki sprottin af neinu öðru en sambandi við draumgjafa á einhverri slíkri jörð í alheimi.

5. Síðari draumarannsóknir styðja sambandskenninguna.

Í samtíma draumakenningum erlendum hafði kenning dr. Helga lítinn sem engan stuðning. Voru þar allsráðandi kenningar sem byggðust á hugtakinu „undirvitund“, og skulu þær ekki ræddar hér. En geta má þess til fróðleiks, að undirvitundarhugtakið var sprottið upp úr athugunum sálfræðinga á hæfileikum miðla, og töluðu þessir sálfræðingar um miðilsástandið sem „klofning úr meðvitundinni“ á sama hátt og þeir töldu draumvitundina vera tilkomna fyrir þessháttar klofning. Dr. Helgi taldi slíkt sambærilegt við klofningskenningu þá, sem ríkjandi var í efnafræðinni áður en menn fundu súrefnið. Var þá talið, að efnið „flogiston“ klofnaði frá við efnabreytingar. En þetta dularfulla efni fannst aldrei og sama má segja um undirvitundina að hún hefur aldrei fundizt.

Draumarannsóknir þær sem hófust í Bandaríkjunum um 1950 (Kleitman, Dement, Kline, o.fl.) standa miklu nær Nýal um samanburð. Þar var að vísu ekki spurt, fremur en í hinum fyrri tilgátum, hvað það væri að dreyma, og hversvegna draumarnir væru eins og þeir eru — en án þess að spurt sé þannig, verður eðli drauma ekki fundið. En þarna voru þó gerðar ýmsar líkamsfræðilegar athuganir, sem raunverulegar voru, og hafa þær því fullt gildi, svo langt sem þær ná. Í stuttu máli að segja, þá komu þessar athuganir á eðlilegasta hátt heim og saman við niðurstöður dr. Helga, og skulu hér nefnd nokkur atriði.

DRAUMTÍMINN, reyndist vera mjög svo jafnlangur og teljast mátti eðlilegt, að atburðarásin hefði var-


Начало пробуждения испытуемого

α ритм испытуемой



Начало мысленного приказа на пробуждение

α ритм врача гипнолога



STILLIR OG VIÐTAKANDI. Efri línurnar tvær skrá rafmagnshræringar í heila viðtakanda, neðri línurnar í heila stillis eða dáleiðara. Vikin á línunum svara til ákveðinnar hugsunar sem dáleiðarinn sendir frá sér og hinn tekur við. Rússnesk mynd. Til eru bandarískar myndir sama eðlis.

að. Áður héldu margir draumfræðingar, að misræminu milli draumsögunnar og draumlengdar, væri lítil takmörk sett. Nýall segir: atburðir draumsins gerast — einhversstaðar — og skynjun draumgjafans berst dreymandanum nær samtímis, og því er þessi niðurstaða eftir því sem vænta mátti. Til er reyndar undantekning frá þessu. Það

er þegar endurminningar draumgjafans rifjast svo glögglega upp fyrir honum á stuttri stundu, að þær hafa áhrif á dreymandann og verða að einskonar sögu í huga hans. Þetta hefur verið nefnt *langsögulegir draumar*.

AUGNAHREYFINGAR sofandi manns reyndust svara nákvæmlega til þess, sem hann var að dreyma. Væri hann í draumnum t.d. að horfa á eitthvað, sem sveiflaðist upp og ofan, þá hreyfðust augun undir augnalokunum í samræmi við það. Þetta er þannig að skilja, að augu draumgjafans (nánar tiltekið taugarnar, sem stjórna þeim) stilla augu hins sofandi manns eftir sér, og hreyfast þau þá í samræmi við það, sem augu draumgjafans sjá. Án sambandskenningarinnar væri þessi staðreynd torskýrð.

DRAUMÞÖRFIN er ein af athyglisverðustu niðurstöðum þessara nýju rannsókna, og hefur þar líka komið fram dálítið umfram það, sem sýnt var fram á í Nýal, en er þó mjög í samræmi við þann skilning allan. Það hefur komið í ljós, að manninum er ekki aðeins nauðsynlegt að sofa, heldur einnig að dreyma. Sé maðurinn sviftur þeim draumum, sem magnmestir eru og skýrastir og gleggst koma í ljós á heilalínuritum, fer honum að líða illa, og verður honum þessi skortur að lokum óbærilegur. Eftir slíkan draumsvifti dreymir hann fyrst meira en áður, og bætir sér þá upp draummissinn, líkt og menn þurfa að bæta sér upp svefnmissi. Af þessu má ráða að draum-magnanin sé afbrigði nokkurt svefnmagnanarinnar, og benda athuganir jafnvel til þess, að magnan þessi kynni að vera mælanleg í einingum, eða einhverjum stærðum, og að ákveðið magn eða skammtur hennar sé manninum nauðsynlegur.

Þess má geta, að um líkt leyti og þessar rannsóknir voru að hefjast þar vestra, kom upp í máli Nýalssinna orðatiltækið að verða draumstola (sbr. hugstola). Taldi sá, sem þannig komst að orði, það ógæfu sína, að hafa orðið draumstola, enda hafa þar vafalaust komið til grein óheppileg stilliáhrif.

HEILALÍNURIT. Með því að mæla spennufallið milli ákveðinna heilastöðva hefur hinum nýju draumfræðingum tekizt að finna samband milli heilastarfsemi og drauma, sem auðveldar það mjög að fylgjast með draumunum. Rafmagnshræringar heilans fylgja mjög náíð hræringum hugans, og ef unnt væri að mæla á einni og sömu stundu heilastarfsemi draumgjafa og dreymanda, mætti búast við að finna merkilegt samræmi. En þeir eru nú oftast sinn á hvorum hnetti, og þegar svo ber við að eitt-hvert samræmi finnst milli tveggja, sem mældir eru í einu, má gera ráð fyrir, að þar sé um stilliáhrif að ræða frá einum til annars, og þar af leiðandi ekki eins nána samstillingu og þá, sem fylgir hinu djúpa sambandi.

NÝJUSTU RANNSÓKNIR. Við Maimonides lækningastofnunina í New York og víðar í Bandaríkjunum (Maimonides var merkur heimspekingur á Spáni á 12. öld) hefur á síðari árum verið tekin upp rannsókn á hugsambandi og draumum í sameiningu, og telja rannsóknarar sig hafa getað merkt áhrif frá sérstökum vakandi tilraunamönnum til annarra, sem sofa. Vegna áhrifa þessara manna, sem mjög eru mikilsvirtir á sviði læknislistar og rannsókna, eru *fjarhrifadraumar* nú viðurkenndir á sviði vísindanna. Slíkt er þó ekki hið sama og að menn hafi gert sér grein fyrir því, að allir draumar eru fjarhrifaeðlis. Sjálf uppsprett-

an, draumgjafinn, dylst mönnum jafnt sem áður. Og meðan menn einblína aðeins á þann þátt sambandsins, sem er stilliáhrif frá nærstöddum — fjarhrif í venjulegum skilningi — getur ekki orðið nægilega ljóst yfir þessu máli.

6. Lífgeislun er sönnuð.


Til þess að skýra nánar eðli líf- og hugsambands milli lífandi vera, skapaði dr. Helgi tvö vísindahugtök, sem lýsa því sem gerist, hvort á sinn hátt. Hann talar um *lífgeislun* (bioradiation), og *lífstarfsíleiðslu* (bioinduktion) eða *magnan*. Lífgeislun er sú orka, sem berst á milli lífmyndanna, frá einum stað til annars, frá einum líkama til annars og frá einni sál til annarrar, eins og einnig má til orða taka. Lífstarfsíleiðsla er sú samstilling taugakerfanna og lífstarfsins yfirleitt, sem þessi orka kemur til leiðar. Taugakerfið magnast, hleðst upp, í svefni, vegna þess að fullkomnara lífsstarf nær að íleiðast. Lífstarfsíleiðsla er m.a. sú breyting á meðvitundinni, fyrir sambandsáhrif, sem næmur athugandi getur gert sér grein fyrir: sýnir, hughrif, hugskeyti, — svefn og draumur. Lífgeislan er sú orka, sem maðurinn ályktar, að hljóti að hafa borið honum þessi áhrif, líkt og hann ályktar af því að sjá sólina, að þar sé himinhnöttur, sem geislar frá sér ljósi.

LÍFGEISLAN OG MAGNAN nefnist ein höfuðritgerðin í Nýal (1920), og þegar árið 1912 var dr. Helgi farinn að orða þessa hugsun. Ýmsir vísindamenn erlendis stefndu í þessa sömu átt í rannsóknum sínum á þeim árum og


síðar (Kilner, Kotik, Gurwitsch, Stempell o.fl.). Engar undirtektir fékk þó hin einfalda skýring dr. Helga, og hér á landi mun það hafa verið algeng skoðun um alllangt skeið, að lífgeislunin væri „ósönnuð“. Og hinar erlendu athuganir, sem bentu í þessa sömu átt, komu ekki heldur að þeim notum, sem skyldi. Þær hurfu í skuggann án þess að hafa vakið nægjanlega athygli.

Það er vert að muna eftir því, að löngu fyrir daga dr. Helga höfðu menn talað um lífskraft, eitthvert niðurskipandi afl, sem starfar í hinum lifandi verum og stjórnar vexti þeirra og hreyfingum (Aristoteles, Goethe). Skyld þessu, en fullkomnari, var hugsun Lamarcks. Það sem gerði talsmönnum lífskraftarins erfiðast fyrir, var, að þeir vissu ekki uppruna hans, og þvarr skoðun þeirra smámsaman fylgi. En þegar fundið er, að þessi kraftur stafar frá fyrirmyndum lífsins á öðrum hnöttum, horfir málið allt öðru vísi við.

Árið 1939 uppgötvuðu Kirlian-hjónin í Rússlandi, að með ljósmyndun í hátíðnisviði mátti ná myndum af lífgeislunum. Það var ekki fyrir en um 1960, að þessi uppgötvun var gerð heyrinkunn þar eystra, og jafnvel eftir að frá henni var sagt þar, hafa vísindamenn á Vesturlöndum gefið henni furðulítinn gaum. En vísindamenn í Austurevrópu tala nú fullum fetum um bioradiation, lífgeislun, og bioluminescence, lífbjarma, og eiga þeir við nákvæmlega sama fyrirbærið og Helgi Pjeturss talaði um fyrir einum 60 árum og allt þaðan af. Enginn getur nú neitað því, að lífgeislun er í raun og veru til og hefur verið ljósmynduð. En skýringin á þessari birtu, umhverfis hina lifandi vefi, sem fjarar út, þegar t.d. laufblað fölnar eða afskorin skinnþjatla deyr, hlýtur að vera sú, að í vefjunum séu efnakjarnar, sem geta tekið við orkunni frá líf-



LÍFGEISLUN. Blaðið er ljósmyndað á sama hátt og baksíðumyndin, en er af annarri plöntutegund og sýnir því annað mynztur. Bjarminn kemur fram þar sem lífgeislunin er öflugust, lífstarfsemin örúst, og virðist þetta fylgja mjög æðakerfi blaðsins. Á fífilblaðinu (baksíðumynd) má betur sjá, hvernig orkan leitar út frá jöðrum blaðsins. Allar þessar myndir bera vott um útgeislun orku, sem hefur áhrif á kraftsviðið í kring. Íslensk mynd: Ævar Jóhannesson.




LÍFGEISLUN. Tvær myndir af fingurgómum. Báðar sýna áhrif lífgeislunarinnar á kraftsviðið, en á minni myndinni koma betur fram hinir mjóu þræðir kraftlínanna. „ . . . Lífmagn hagar sér að sumu leyti líkt og rafmagn, og geislar mest af frammjóum hlutum líkamans, fingrum, nefi o. s. frv.“ (Stjörnulíffræði, Nýall s. 290) Íslenzk mynd: Ævar Jóhannesson.

Hvar eru upptök orkunnar, sem þessar myndir sýna og tengd er allri lífsstarfsemi? — Í öflugum lífandi verum á öðrum stjörnum, sem eru fyrirmyndir lífsins hér á jörð. (Hugmyndin um „orkulíkama“ sprettur af því, að skyggnir menn sjá stundum þessar fyrirmyndir í fjarsýn). — Frá því lífið hófst hér á jörð, fyrir 3000—4000 milljónum ára, hefur þessi fjargeislun haldið því uppi, leitast við að koma því á leiðina fram. „Lífið á jörðu hér er landnám frá öflugari lífstöðvum“. (Ennýall s. 83).

heimum annarra stjarna. Þar umbreytist hún svo í staðlega geislun, sem nær aðeins skammt út frá yfirborði líkamans eða plöntunnar. Sameiginlega mynda svo þessir orkukjarnar það aflsvæði lífverunnar, sem er viðtæki hins skapandi, samstillandi og græðandi máttar frá lífandi íbúum annarra hnatta.

Þegar aðstreymi orkunnar eykst, og menn fara að finna að hún er hluti af lífsnautn þeirra og vilja, gerast furðulegir hlutir. Lækningar takast þar, sem jafnvel voru minnstar vonir til, og hafa mörg dæmi um slíkt gerzt hér á landi. Skýringin er sú, að lífsaflið frá hinum lengra komnu streymdi í gegnum huglækninn, bænakonuna eða miðilinn, sem leitað var til, og þó einkum þannig að þau stilltu sjúklinginn til hins lækandi sambands. Góðhugur miðilsins er nauðsynlegur, en nægir þó ekki, ef stilliáhrif annarra eru honum ekki nógu vinveitt, t.d. ef einhverjir eru mjög sannfærðir um, að sá miðill geti ekki læknað. „Og ekki gat hann gert þar neitt kraftaverk“, því að þeir „hneyksluðust á honum“. — Kraftamaður getur margfaldað krafta sína, þegar hann nýtur þessa aðstreymis, og einnig hann er háður stilliáhrifum. — Nelya Mikhailovna í Leningrad hefur hvað eftir annað sýnt það í votta viðurvist, að hún megnar að hreyfa hluti með augnaráðinu einu saman. Þar er um skylda magnan að ræða: aflsvæði hefur myndast, sem megnar að verka á einstaka hluti í nágrenni miðilisins. — Í húsi James Herrmann's á Long Island í New York urðu haustið 1958 miklar hreyfingar á stofubúnaði og öðrum hlutum, sem stafaði af því, að vera á öðrum hnetti náði að verka í gegnum 13 ára gamlan son hjónanna, sem mikið miðilsefni var.

Hvað er það, sem öðru fremur greiðir fyrir því, að slíkir kraftar megi vakna með mönnum og verða til heilla?



LÍFGEISLUN. Tveir fingur myndaðir með sama hætti. Litfilman sýnir rauða og bláa liti, en jaðrageislunin er öll blá. Kraftlinurnar virðast þéttastar og lengstar á fremsta köggli fingursins.



Til samanburðar er hér mynd af fingurgómi, stækkuð 50 sinn-
um. Hér sést hvernig lífgeislanin leitar út fyrir hörundið, frá
taugaendum. Kraftlinur eru hér skýrar. Talið er hugsanlegt að
hin fornu, kínversku nálarstungu-lækningakort svari til þessara
lífgeislamiðstöðva í líkamanum. Rússnesk mynd.

Það er í fyrsta lagi traust mannsins sjálfs á sambandsgjafanum — einhverjum á öðrum hnetti, sem hann er ekki í vafa um að vill honum vel. Og í öðru lagi stilliáhrif frá þeim, sem hann umgengst, það er góður vilji og a.m.k. ekki vantraust á því, að samband geti átt sér stað.

7. Sönnun lífgeislans sannar möguleika framlífsins.

Þýðing þess, að lífgeislinn hefur verið tæknilega sannaður, er miklu meiri en jafnvel hinir bjartsýnustu hefðu getað látið sér til hugar koma. Tengslin við þessa uppgötvun standa víða og djúpt og ná langt út yfir það, sem hefðbundin líffræði hefur talið til sinna viðfangsefna. Hin „dulrænu“ og óvenjulegu fyrirbrigði lífsins, miðilshæfileikar og slíkt, verða undireins miklu skiljanlegri en áður, þegar menn hafa þessar ljósmyndir fyrir framan sig. Það má með sanni segja, að hér liggi geislunareðli lífsins í augum uppi. Og þar sem lífgeislunin er undirstöðuatriði í hinni nýju líffræði dr. Helga Pjeturss, er sízt ofmælt, að sannast hafi hér á tilraunagrundvelli það, sem hann hafði áður skilið og skýrt, út frá athugunum sínum.

Þetta undur eða fyrirbæri, sem nú hefur verið ljósmyndað, hefur það fram yfir ýmsar merkilegar lífgeislunarmyndir frá fyrri árum — sem teknar voru í návist miðla eða slíks fólks — að geislunarmyndin er óháð stilliáhrifum myndatökumannanna. Í þessum myndum er aðeins um hið jafna og stöðuga lífstreymi að ræða, sem fyrir hendi

er í hverri einustu lifandi veru, er sjálft lífið og verður aldrei frá því skilið. Lágmarkslífjarmi er það, sem hér hefur verið myndaður, og gefur hann þó undireins hugmynd um, hverjir munu vera möguleikar lífsins. Margir hafa nærri því hrópað upp yfir sig af fögnuði, þegar þeir sáu lífgeislalítmýndirnar — og eru þó litmyndir, sumar mjög skrautlegar, ekkert fágæti nú á dögum. En þessi undrun og aðdáun er skiljanleg, ef gera má ráð fyrir að mönnum sé eiginlegt að mæta undri lífsins með fögnuði, heldur en með því dauða hlutleysi, sem ekkert vill láta sér á óvart koma.

Lífgeislamyndirnar gömlu báru vott um sérstakt aðstreymi lífsins, sérstaka magnan, og í því komu stundum fram svipir framliðinna. Menn létu sér ekki skiljast þýðingu þeirra, tortryggðu þær, og smámsaman lagðist þessi grein ljósmyndunar að mestu niður.

Lífgeislamyndirnar nýju bera vott um hið jafna aðstreymi lífsins, sem engin lifandi vera getur verið án stundu lengur. Þær eru að nokkru hliðstæðar hinum eldri myndum og þær staðfesta gildi þeirra mynda. En umfram allt staðfesta þær uppgötvun dr. Helga Pjeturss á lífgeisluninni og þann skilning á eðli framlífsins, sem útfrá henni liggur ljóst fyrir.

Helgi Pjeturss hafði sagt: „Fagurlega er nú ljóst yfir aðalatriðum þessa máls. Frá manningnum geislar magn, sem kalla má lífmagn og vitmagn. Og hagar sér líkt og rafmagn. Og líf- og vitgeislan eins líkama getur framleitt sig aftur, inducerast, í öðrum líkómum“.
(Stjörnulíffræði, Nýall s. 306).

Hver ber á móti þessu nú?

Helgi Pjeturss hafði sagt: „Geislanin frá manningnum

er sterkust og áhrifamest næst líkamanum, og má þar tala um aflsvæði mannsins, líkt og eðlisfræðingar tala um aflsvæði (Faraday)“. Stjörnulíffræði s. 309).

Hvað segja ljósmyndirnar?

Í framhaldi af þessu segir Helgi Pjeturss:

„Um alla ævi mannsins stendur af honum geislan, sem kemur fram og safnast fyrir á aflsvæði skylds en lengra komins eða samstilltara mannkyns. Og það sem þessi geislan stefnir án afláts að, er að endurframleiða líkama slíkan sem hún stendur af. Þegar nú maðurinn andast, losnar orka úr hinum deyjandi líkama og kemur enn fram í sama stað. Og nú skapar þessi geislan sér nýjan líkama, og að því er virðist ráða mega af ýmsum sögum úr „andaheiminum“ — sem auðvitað eru ekki á engu byggðar, þó að mikið sje um misskilning — þá verður þetta fyrir atbeina hinna lengra komnu, sem fyrir eru á þeirri stjörnu. Maðurinn sem jeg gat um í ritgerðinni Stjörnujarðfræði, bjó til hið ágæta orð skyndi-líkami, um það sem verður til með líkum hætti og líkamningur á miðilfundi. Og telpan talaði um erfiðleika, sem orðið gætu á að búa til hinn nýja líkama, eins og t.d. ef andlátið hefði verið kvalafullt. Þá sagði hún að eyddist svo mikið af orku þeirri, sem til þyrfti“.

Enginn mun geta neitað því, að nú hafa þessi orð þann stuðning frá vísindunum almennt — jafnframt því sem þau styðjast við hin ýmsu fyrirbæri spíritismans og annarra slíkra hreyfinga — að nægja má til skilnings hverjum þeim, sem vita vill, hvort lífað er eftir dauðann.

Möguleikar framlífsins hafa sannazt.

8. Stilliáhrif eru þáttur í sérhverju sambandsfyrirbæri.

Allir kannast við þann mun, sem er á því að eiga góðum viðtökum að mæta — og svo hinu, að koma þar sem viðmótið er af gagnstæðu tagi. Fáir eru svo sljóir, að þeir taki ekki eftir því hvort þeir eru velkomnir eða ekki, og margir næmir menn tala um hin hin ýmiskonar áhrif, sem þeir finna frá fólki, sem þeir eiga samskipti við.

Áður fyrr, meðan allt fór hægt og samskipti manna voru persónulegri en nú er, veittu menn þessum áhrifum stundum athygli, og þótti þeim sem þar kæmi til greina fleira en sýndist. Hér á landi var oft talað um aðsóknir, og var upphaf þeirra venjulega á þá leið, að svefn sótti á einhvern með dálítið sérstökum hætti og á öðrum tíma dags en vant var. Var þá sjaldnast langt þess að bíða, að gestur kæmi á bæinn. Var það skilningur þeirra, sem gleggst hugsuðu um þessi mál, að hugur mannsins, sem stefndi til einhvers bæjar eða heimilis, gerði þannig boð á undan sér. Sú skoðun, að hugurinn geti gert vart við sig í fjarlægð, er forn orðin í landinu og kemur m.a. fram í Íslendingasögum.

Hin vísindalega aðferð er að skoða fyrirbærin, ekki ein sér og einangruð, heldur hvert í sambandi við annað. Þegar þessi margvíslega reynsla manna af „persónulegum áhrifum“, „aðsóknum“ og ýmsum fjarhrifum er skoðuð í ljósi þess sem Helgi Pjeturss uppgötvaði um stilliáhrifin, verður undireins ljóst yfir sambandinu. Maðurinn, sem er á leið að öðrum bæ, beinir geislunaráhrifum sínum ósjálfrátt þangað (því að hugur mannsins er ekkert annað en þessi

geislun), og svo verður einhver á þeim bæ fyrir þessum áhrifum og stillist eftir þeim. Maðurinn, sem kemur að húsdýrum eða í skrifstofu í borginni, vekur undireins athygli þeirra, sem þar eru fyrir, og eftir því hverjar eru hugrenningar þeirra og viðhorf til hans, fara geislunaráhrifin. Þessvegna verða menn stundum varir við, hvaða hugarfari er að mæta, áður en nokkurt orð hefur fallið. Og sama er vitanlega um þá að segja, sem inni fyrir eru. Þeir geta allt eins vel fundið með hvaða hug er komið til þeirra. Þannig eru stilliáhrifin. Þau eru bein áhrif frá einum vakanda til annars, og þau segja til sín, í fyrsta lagi með því, hvemig það er að verða fyrir þeim, og í öðru lagi með þeim draumsamböndum, sem af þeim skapast.

Dæmi: Mig dreymdi, að ég væri að skoða bók með óvenjufallegum kili og öllu bandi mjög vönduðu. Ég virti þetta fyrir mér og dáðist að því, innilegar held ég en ég hefði í vöku gert. — Stilliáhrifin voru frá bókbindara, sem ég var að vinna með daginn áður. Ég þykist mega fullyrða, að slíka bók, sem í draumnum var að sjá, hafi ég aldrei augum litið í vöku. Hún var svo sérkennileg og öll með meiri útbrótum og ytri flúri en ég hef séð. Einmitt af því, að stilliáhrifin voru nógu góð, varð samband mitt við draumgjafann svo skýrt, að ég sá þarna nokkurnveginn rétt það, sem draumgjafinn hafði fyrir augum. Það er líka vert að benda á, að skýrleiki draumsins var, í samræmi við stilliáhrifin, mestur á þessu sérstaka sviði, sem er það að skoða bók með tilliti til frágangs. Ég hafði t.d. litla hugmynd um herbergið, sem „ég“ var þarna staddur í, eða um „sjálfan“ mig, þ.e. draumgjafa minn, sem e.t.v. hefur verið bókbindari eins og stillirinn.

Annað dæmi: Þegar verið var að byrja að sýna Agfalitmyndir í kvikmyndahúsunum hér, dreymir mig eitt sinn

um síðdegisleytið, að ég sé að horfa á Afga-kvikmynd. Daginn eftir hringir til mín kunningi, og spyr hversvegna ég hafi ekki komið á myndina eins og við hefðum verið að tala um, en mér kom þessi spurning hans á óvart. Hafði maður, sem ber sama fornafn og ég, hringt til hans og boðið honum á myndina, og fór hann að horfa á hana í þeirri trú, að ég hefði átt upptök að því. Mun hann hafa haft mig mjög í huga þegar hann var að byrja að horfa á myndina, og af þessum sökum stillti hann mig ósjálfrátt til sambands við einhvern, sem var að horfa á kvikmynda-sýningu. Fremur var þessi draumur óskýr og ruglingslegur, en þó bar hann með sér tilfinningu þess að vera að horfa á kvikmyndalega nýjung, ásamt með nafninu á þeirri nýjung.

Þessi einföldu og fremur óásjálegu dæmi sýna, hvernig taka má eftir stilliáhrifum í daglegu lífi, eða öllu heldur náttlegu, því að það eru draumarnir, sem endurspeglar stilliáhrifin einna gleggst. En lítum þá einnig á önnur dæmi:

Þriðja dæmi: Mig dreymdi að ég væri að skoða landakort, og þótti mér það vera Vestfirðir, sem á kortinu voru. Meðan mig var að dreyma fann ég ekkert athuga-vert við þetta, en um leið og ég vaknaði varð mér ljóst að þessir „Vestfirðir“ voru allt öðru vísi en þeir eiga að vera. Er mér sérstaklega minnisstætt, hvernig firðir flestir voru þarna heldur mjóir fremst en víkkuðu síðan út í breiða flóa þegar innar dró, og gaf þetta landshlutanum sérkennilegan svip. Það er sannast að segja að draumur þessi var skýr og glöggur í bezta lagi, og hafði ég mikla ánægju af að hafa dreymt hann. En sagan er ekki öll sögð með því. Daginn eftir kemur til mín kunningi minn, og fer að tala um hvað það gæti orðið gaman að bregða sér til Vest-

fjarða við tækifæri til að skoða landið. Sagðist hann hafa verið að skoða landakort kvöldið áður með sameiginlegum kunningja okkar með þetta í huga og einnig það sérstaklega að hafa mig fyrir ferðafélaga. Annar þessara manna var skólakennari og hafði álit í þeirri stöðu, og báðir voru þeir greindir og athugulir menn. Lítið hefði að vísu þýtt að segja þessum kunningjum mínum frá stilliáhrifum, en vitanlega höfðu þeir slík áhrif út frá sér, jafnt fyrir því!

Fjórða dæmi. Roskinn maður, sem lengi hefur unnið við iðnaðarstörf, fór að sjá sýnir nokkrar, þar sem hann var við vinnu sína. Var það fólk nokkurt eða þjóð, sem frábrugðin var því sem hér er, og voru sýnirnar nær einbundnar við það, að sjá fólk. Sýnirnar trufluðu hann ekki hið minnsta við störfin, en hann er starfsamur mjög. Hið eina sem dró úr ánægju hans var það, að þetta fólk var ekki sérlega frítt. En honum þótti vænt um það, og þess vegna naut hann þess að sjá það. Einhverntíma þegar hann var að vinna með öðrum manni, segir hann honum frá þessu. En hinn brást þannig við, að „hann hélt að ég væri að ljúga að sér“, eins og hinn sjáandi starfsmaður orðaði það. Eftir þetta sá hann þessar sýnir aldrei framar. Vantraust vinnufélaga hans stillti hann svona snögglega og varanlega frá þessu sambandi, sem hann vildi svo gjarnan hafa fengið að halda áfram.

Þannig mætti taka fyrir þessar frásagnir — sem sannar og raunverulegar lýsingar nokkurs sem fyrir hefur borið — þúsundum saman, og sýna fram á, hvernig fyrirbærin eru jafnan háð stilliáhrifum — bæði með tilliti til þess hvers eðlis þau eru, hversu fullkomin, og hvert efni þeirra, og svo hins, hvort þau hafa fengið tækifæri til að þroskast og njóta sín. Menn verða að gera sér grein fyrir, að órökstuddar reningar og brigzl gagnvart sambandsreynslu

manns, eru tilræði við orku hans og lífsgleði. Menn geta aldrei beitt slíku án þess að skaða þann sem fyrir því verður, stundum verulega, og fyrir eða síðar einnig sjálfan sig, þann sem slíku beitir.

9. FRUMLÍF — FRAMLÍF — SAMSTILLING.

Á hnetti eins og þeim sem jörðin er, liggur nokkuð ljóst fyrir, hvernig saga lífsins hefur verið, allt frá fyrstu byrjun þess þar. Maðurinn hefur þróast upp úr dýraríkinu og dýraríkið upp úr steinaríkinu. Lamarck og Darwin náðu því yfirliti, sem nauðsynlegt var, og síðan hafa lífræðingar og jarðfræðingar lagzt á eitt um að rekja þessa sögu. Nú vita menn, að efnið hefur hafizt frá ólífi til lífs, og að hinar æðri dýrategundir eru komnar af hinum óæðri og frumstæðari.

Um og upp úr 1950 fór áhugi vísindamanna í Sovét-ríkjunum og Bandaríkjunum smámsaman að beinast að lífi á öðrum hnöttum. Kom þá upp nafnið stjörnulíffræði — astrobiologi — um þau fræði, en það orð hafði löngu áður verið myndað á Íslandi af Helga Pjeturss og á Nýja Sjálandi af J. Macmillan Brown. Síðan hefur stjörnulíffræðin sótt fram sem vísindagrein, og sjónarmið hennar eiga nú verulegu fylgi að fagna.

Gagnstætt því, sem var um 1950 og lengi fram eftir, snúast nú fáir öndverðir gegn hugsuninni um líf á öðrum hnöttum. En þá eiga flestir aðeins við þetta, sem menn

kannast við hér á jörð, líf sem byggist á óslitinni röð foreldra og afkvæma. Það er: frumlíf eins og vér þekkjum það hér á jörð. Framhald lífsins þekkjja þeir ekki, né heldur lögmál samstillingarinnar, og þeir þekkjja ekki upphaf lífsins. En það liggur nú alveg ljóst fyrir fyrir út frá því, sem sýnt er fram á í Nýal, að upphaf lífsins er geislun frá fyrirmyndum þess á öðrum hnöttum, og að framhald lífsins er líf í samstilltari mannfélögum en nokkrum, sem þekktz hafa á þessari jörð.

Þegar kallað er „klárir í bátana“, verða sjómenn undir eins samtaka um það, sem gera þarf, og þeir vita hvað þeir ætla sér. Meðan á þessu stendur, er ekkert hik eða fun, og er í slíku vísir til samstillingar. En hún er því skemmtilegri, sem markmiðið er betra. Og sízt kemur það á óvart, út frá því sem hér er haldið fram, að hljóðfæraleikarar, sem unnið hafa í eindrægni undir styrkri stjórn, hafa haft frá ýmsu merkilegu að segja — eins og t.d. þegar eina nótu vantaði í hjá hljómsveitarmanni og tilsvarandi nóta féll niður hjá öllum samleikurum hans. Slíkt gerist ekki án þess sem Nýall nefnir samstillingu, og er í raun rétttri fullkomin sönnun fyrir veruleik hennar.

Framlífið byggist á samstillingu. Þegar maðurinn deyr, losnar lífaflsvæðið samstundis úr tengslum við hinn látna líkama, og leitar samstundis þangað sem ævigeislun hans hefur stefnt — samkvæmt því sem áður var greint (bls. 30). Heildarflsvæðið er þar svo öflugt, að á skammri stund fer þar að myndast líkamningarmökkur, sem tekur á sig mynd, og áður en varir veit maðurinn af sér, á ókunnum stað, í nýjum líkama. Oft er hinn nýi líkami betri og fríðari en sá fyrri hafði verið — ef líferni mannsins og lífsástæður hafa verið þannig, að svo megi verða. En oft er það líka, að maðurinn hefur ekki hugmynd um, að

hann er dáinn eða hvert hann er kominn, og geta af því risið nokkrir örðugleikar, segir dr. Helgi.

Af því sem nú var rakið, má ljóst vera, að ýmis stig eru í þróun lífsins á hnöttum hins óravíða geims. Hið fyrsta stig, það sem beinast liggur við að horfa út frá hér á jörð, eru frumlífsjarðirnar. Lifað er þar, þjáðst og þráð, fæðzt og dáíð, á líkan hátt og hér, og eru þetta frumlífsjarðirnar. Allir íbúar þessara jarða eru fæddir þar, og allir deyja þeir þaðan að afloknu dálitlu æviskeiði.

Annað stig í þróun lífsins eru hnettir þar sem aflsvæði eru svo sterk, að þau taka til sín aflsvæði þeirra, sem deyja á frumlífshnöttunum. Samkvæmt áðursögðu hefur geislun einstaklingsins þá um skeið stefnt til slíks hnattar, en með dauðanum losnar líf aflsvæði hans að fullu héðan. Á þeim hnetti endurskapast líkami hans á stuttri stundu, og þar lifir hann nýtt æviskeið án þess að hafa fæðzt.

Mjög skiptir í tvö horn um framlífsmannfélögin, eftir því hvernig afl þeirra er tilkomið og eftir því hvernig þau stefna. Önnur leiðin er lífstefna, leið vaxandi vits og afls og fegurðar, og er í því fólgin að hver vill öðrum vel og reynist öðrum vel. Leiðin framundan er óendanleg, og lífið er í alla staði farsælt og öflugt.

Hin leiðin er helstefna, leið þjáninga, skelfinga og dauða. Svo ógurleg sem sú leið er, þá tekur hún þó enda, þar sem þjáningarnar ná hámarki. Margir mundu óska þess, að þurfa aldrei að vita af tilveru slíkra staða, en því miður er ekki annað sýnna en að sumt, sem gerist hér á jörð, beri einhvern svip af slíkum stöðum, og hefði ekki getað átt sér stað án beinna áhrifa þaðan. Hin allra verstu verk eru það, sem þannig eru til komin. Þetta er það sem trúarbrögðin hafa aldrei megnað að koma í veg fyrir, þrátt fyrir fögur orð og jafnvel einlæga viðleitni á stundum —

en hinsvegar er ekki vafi á því, að væri unnið af samtaka þekkingu, mætti girða fyrir slík áhrif að fullu.

Af þessu má skilja að horft er til jarðarinnar úr tveimur mjög ólíkum áttum með fullum hug á að koma hér fram áhrifum sínum. Lífstefna og helstefna mætast hér, og úrslitabaráttan er háð á slíkum stöðum. Eftir þeirri undirstöðu, sem lögð er þegar í frumlífi, fer allt framhaldið. Vér hér á jörð — og öðrum slíkum — erum útherjarnir í hinni miklu sókn lífsins í alheimi. Miðgarður er hér, milli himins og heljar.

Lífstefnumannfélögin stefna til sífellt vaxandi fullkomnunar, og þar kemur, að þau hefjast á það stig, sem nefnt er guðlegt. Þar er hið þriðja stig lífsins, og þaðan stafar lífinu sá kraftur sem gerir því kleift að sigrast á þeim örðugleikum, sem mæta því á hinum fyrri stigum. Án hinnar sigursælu sóknar lífsins á mjög mörgum hnöttum, e.t.v. miklum meirihluta þeirra í hverri vetrarbraut, mundi helstefna ná yfirhöndinni og allur heimur hrynja. Kenningin um „náðina að ofan“, er ekki með öllu úr lausu lofti gripin. Vandinn mikli hér á jörð er að átta sig á þessum einföldu frumatriðum, gera sér grein fyrir því, að líf eftir dauðann er ekki trúatriði, heldur þekkingatriði, og að samband við það eða traust á því getur aldrei að gagni komið án þekkingar. Þá fyrst, þegar þessi þekking er orðin almenningssegn, fara stilliáhrifin að verða slík, að sambönd geta tekizt til hinna betri staða, og unnt er að fara að hugsa til gagngerðrar stefnubreytingar á þessari jörð.

10. Á MIÐILFUNDUM. Nýsalsstefna og spíritismi.

Í kaflanum um hugsamband hér að framan var það rakið að nokkru, hvernig jafnvel hið einfalda og hversdagslega fyrirbæri, sem fjarhrif eða hugskeyti eru, átti lengi erfitt uppdráttar til fullrar viðurkenningar.

Einnig var á það bent, að réttur skilningur á eðli orkunnar, sem þarna er að verki, er undirstaða þess, að hægt sé að halda þessum fyrirbærum fram svo að dugi. Menn þurfa að vita af þeim krafti, sem í þeim sjálfum býr, til þess að geta farið að dæma um hin furðulegu fyrirbæri. Og eins og nú má ljóst vera, þá er það einmitt skilningurinn á eðli svefnis og drauma, sem gerir þetta kleift. Þar blasir sambandið við, við aðrar meðvitundir, og þá fara einnig hinir aðrir þættir sambandsins, fyrirbæri á hærra orkustigi, að verða skiljanlegir, og þar með trúanlegir.

Sé manni ljóst, að draumsýnir geta ekki skapazt í eigin huga og hljóta því að vera komnir manni úr annarra hugum, liggur það um leið ljóst fyrir, að venjuleg fjarhrif eða „hugskeyti“ eru hvorki ótrúlegir né „yfirmáttúrulegir“ hlutir. Þetta eru aðeins eðlilegar og sjálfsgöðar staðreyndir, eins og það að sólin skín og vindurinn blæs. Og þegar þetta er orðið ljóst, þá fer það ekki heldur að verða neitt ótrúlegt sem segir af ýmsum furðulegum fyrirbærum í sambandi við miðla og sambandstilraunir.

Hvað er miðilfundur? Til þess að standa betur að vígi, skulum við fyrst líta á hvað slíkur fundur mundi vera í augum manns, sem í minnsta lagi tæki mark á þeim hlutum. Hann sér hvar 6—8 manns sitja umhverfis persónu,

sem þeir kalla miðil; miðillinn fellur að meira eða minna leyti í nokkurskonar svefn og fer síðan að tala eitthvað, sem þessi gagnrýnandi telur vera hugsanir miðilsins sjálfs. En þátttakendur í tilrauninni líta hinsvegar á þetta sem hugsanir hins framliðna (eða einhverrar sambandsveru) sem hefur tilkynnt sig í sambandinu, eða þá a.m.k., sem tilraun til að koma hugsun hans fram. Ef rökræður yrðu svo um fundinn á eftir, mundi gagnrýnandinn leggja mesta áherzlu á að rekja allt sem talast hefði, til eigin hugsana miðilsins, en hinir eiginlegu þátttakendur mundu leggja meira upp úr þeim áhrifum sem miðillinn hefði á þá og þeir á miðilinn, og sambandsveran á allan fundinn. Sá sem þetta ritar er ekki í vafa um að síðarnefnda aðferðin er vænlegri til árangurs en hin sífellda leit að afsonnun sambandsins.

Sá sem þetta ritar, lítur á miðilfundinn sem lífaflfræðilega heild, sem skapast í fyrsta lagi af áhrifum hinna einstöku þátttakenda, miðli og fundarmönnum, og er þó einnig næm fyrir hugarstefnum mannfélagsins í kring. Áhrif fundarmanna skapa miðlinum samband, við veru sem svarar til draumgjafans í venjulegum draumi, og lýtur það sama lögmáli eða líku og draumsambandið. Sambandsvera miðilsins svarar til draumgjafans, og dularheimur miðilsins er ekkert annað en draumheimur venjulegra manna. Glögg og minnisstætt draumsamband svarar til velheppnaðs miðilfundar þar sem sönn vitneskja kemst í gegn. En óskýr draumur og ruglingslegur svarar til daufts og ófullkomins sambands. En hvort sem samböndin eru skýrari eða óskýrari er það aðeins stigsmunur en ekki eðlis, og er í hverjum draumi um draumgjafa að ræða, sem er íbúi annars hnattar, langoftast, og í hverju miðilssambandi er sambandsvera á öðrum hnetti að verki. —

Spiritistar halda að sál miðilsins fari úr honum meðan á fundi stendur, og að „andi“ fari þá í hann, en það er misskilningur að öðru leyti en því að miðillinn sofnar, og fer þá áhrifanna frá sambandsverunni að gæta í honum. Þegar samband þeirra verður náð, má vel segja að sál sambandsverunnar hafi komið fram í miðlinum, fyrir fjarsamband, en öðru vísi ekki.

Á miðilfundi þeim sem haldinn var í Herjólfssnesi á Grænlandi skömmu eftir árið 1000, og sagt er frá í sögu Eiríks rauða, koma stilliáhrifin vel fram í því, sem haft er eftir Þorbjörgu lítilvölvu, eftir að Guðríður hafði kveðið Varðlokurnar. Kvað Guðríður „svo fagurt og vel, að engi þóttist heyrt hafa með fegri rödd kvæði kveðið, sá þar er þar var hjá“. Völvan þakkaði kvæðið, og „kvað margar þær náttúror nú hafa til sótt, og þykja fagurt að heyra, er kvæðið var svo vel flutt — er áður vildu við oss skiljast og oss enga hlýðni veita. Eru hér nú margir þeir hlutir auðsýnir, er áður var ég dulin, og margir aðrir“. Guðríður Þorbjarnardóttir var öflugur stillir til góðra sambanda, og þessvegna var völvunni það kappsmál, að hún tæki þátt í sambandstilrauninni. Þegar Guðríður hafði sigrazt á efasemdum sínum, var hún um leið orðin virkur þátttakandi í þessum fundi, sem tókst svo afburða vel, að hann var lengi í minnum hafður. En síðar var hann á bók skráður, löngu eftir að slíkar tilraunir voru niður fallnar á landi hér.

Á tímabilinu 1870—1940 voru uppi ýmsir frægir miðlar, bæði hér á landi og í öðrum löndum. Það fara yfirleitt miklu meiri sögur af miðlunum, sem þá voru uppi en af þeim, sem síðar hafa verið. Einna síðastur hinna miklu fyrirbrigðamiðla voru Carlos Mirabelli, brasilískur, (fórst í bílslysi árið 1951), og Einar Nielsen, danskur, sem sumir

báru brigður á, en aðrir töldu mjög merkan. Af íslenskum miðlum má nefna Indriða Indriðason, Láru Ágústsdóttur og Guðmund Sigurðsson, sem merkileg frásögn er af í ævisögu Árna Þórarinssonar prófests.

Af frægum vísindamönnum, sem fengust við rannsóknir á miðlum og lögðu jafnvel metorð sín og mannvirðingu í hættu þeirra hluta vegna, má nefna Sir William Crookes (1832—1919). Charles Richet (1850—1935) og barón v. Schrenck-Notzing, lækni, (d. 1929). sem allir urðu vottar að miklum líkamninga- og hreyfifyrirkærum.

Orðið líkamningur er myndað af dr. Helga Pjeturss, og hefur það náð festu í málinu. Það er leitt af orðinu líkami, sem er gamalt í norrænu máli, og er mjög merkilega myndað (líkur hamur).

„Það er ekki litið furðulegt“ segir dr. Helgi, „ef komið geta fram á miðilfundum verur, sem líkar eru ásýndum mennskum mönnum, og sýnast vera af holdi og blóði, en verða þó til á mjög annan hátt en mennirnir á jörðu hjer. Er því líkast sem þær skapist af engu þar í miðils-klefanum eða úti í herberginu; og þær hverfa þannig, að þær hjaðna niður og leysast sundur. Þetta er ekki beinlínis trúlegt, enda hafa menn efast mjög. En þó er nú svo komið, að það má fara að líta á það sem vanþekkingu fremur en speki, ef menn halda því fram, að þar sje ekki um annað en svik að ræða eða missýningar“ (Hemings þáttur fjaræna. Nýall s. 123).

Dr. Helgi segir síðan nokkuð af hinum fræga líkamningi Katie King, og einnig frá lyftinga og mögnunarfyrirkærum, sem gerðust í sambandi við D. D. Home, að viðstöddum William Crookes og fleiri nafnkenndum Englendingum þeirrar tíðar.

Hvaðan koma þessir líkamningar og hvert fara þeir?

Spiritistar héldu, að þetta væru „andar“, sem tækju um stund á sig líkama og yrðu síðan andar að nýju. Sú skýring var svo óeðlileg, að það var ekki nema von, að menn sættu sig illa við hana. Afleiðingin varð sú, að fyrirbærin þóttu ótrúleg, vöktu efasemdir og hættu að gerast. En sé litið á þau sem fjarsambandsfyrirbæri, horfir þetta allt öðru vísi við.

Líkamingarnir eru gestir frá öðrum hnöttum. Þegar þeir skapast — en það er miklum örðugleikum bundið hér á jörð, og þessvegna fátítt — þá er það af því að líkamleg vera á öðrum hnetti nær að geisla sér á milli hingað til jarðar. Hún hverfur þar og myndast hér samtímis og hverfur síðan aftur þangað. En af vitranaritum má ráða, að á hnöttum hins fullkonnara lífs séu slíkar samgöngur milli hnatta (interstellar communication) algengar. Heilir hópar manna fara þar hamförum milli hnatta, og er það hvorttveggja, að slíkt stafar af batnandi lífi og bætir lífið til mikilla muna hvar sem það tekst.

Á fyrri menningarskeiðum, meðan minna var um efasemdir gagnvart slíkum hlutum, gerðust stórkostlegir fyrirburðir af þessu tagi. Margar af hinum mestu ráðgátum fornleifafraeðinnar — eins og pýramíðarnir á Egyptalandi og ýmis önnur stórvirki fortíðarinnar — verða aðeins skildar og skýrðar, sem árangur af stórkostlegum magnanarfyrirbærunum hinna samstilltu þjóðfélaga. Mannvirkin eru sporin, sem þessar kraftverkanir hafa skilið eftir sig. En vegna þess að aldrei varð komið á þekkingarstig í þessum efnum og vegna þess að samstillingin byggðist ekki á frjálsum vilja, hættu tilraunirnar að takast, og mannfélagin komust ekki á framfaraleið.

Eins og draumarnir skapast af orkusambandinu við draumgjafa á öðrum hnetti, eins og framlífið byggist á

Því að kraftform einstaklingsins eða sál geislar sér í dauðanum til annars hnattar, eins geta líkamningar geislað sér gegnum geimdjúpin og tekið á sig fasta mynd, nú á þessum hnetti, nú á öðrum, hvar sem hinu hærra magnanarstigi er náð. Því lengra sem komið er á fullkomnunarleið því tíðari verða slíkar heimsóknir hnatta á milli, og það er óhætt að fullyrða, að geimferðir jarðarbúa eru hégóminn einber hjá því, sem líf og hugsun megnar, þar sem hinni réttu stefnu hefur verið náð.

11. Önnur fyrirbæri, aðrar hugmyndir.

Í þessum kafla verður stuttlega minnzt, í fyrsta lagi á nokkur stórfróðleg fyrirbæri, sem snerta mjög kenningu Nýals og skýrast af henni, í öðru lagi á sambandið milli Nýals og trúarbragðanna, og í þriðja lagi á nokkrar fornar hugmyndir, sem mjög eru útbreiddar, en þó einungis í misskildri og mjög aflagaðri mynd, og þurfa þessvegna skýringar og leiðréttingar við.

KVASAR-FYRIRBÆRIN UNÐURSAMLEGU. Í óendanlegu djúpi geimsins blasa við furðusjónir, sem lyfta mættu hugum mannkynsins svo langt yfir deilur og þrætur, að allt hið versta væri brátt úr sögunni — ef menn aðeins gætu sameinast um að beina hug sínum að þessum dásemdum himnanna. Ógæfa mannanna er sú, að þeir vita ekki, að þeir mættu nú sjá og augum skoða þetta sem þeir hafa um langan aldur trúað á, án þess að geta nokkra vissu öðlzt. — Margir vita enn ekki þetta, sem Brúnó

fann, að stjörnumnar eru órafjarlæggar sólar, og að kringum þær ganga jarðstjörnur. Ennþá færri hafa vitað það hingað til, að á stjörnunum eru mörg fullkomunarstig lífsins, hvert öðru ofar, og að óendanlega máttugt og dýrðlegt líf er til. Hvernig á þá að fara að því að segja frá Kvasar-fyrirbærunum undursamlegu?

Hér að framan hefur verið á það minnzt, að Nina Kulagina hin rússneska hreyfir hluti með augnaráðinu einu saman, að sjúkir og skaddaðir líkamsvefir verða heilir á lítilli stundu, og ekki er síður víst um það, að líkamningar komast stjarna á milli á augabragði. Allt eru þetta óvæntir hlutir í augum margra, og dálítinn tíma og andlegt átak þarf til þess að opna hug sinn fyrir slíku, jafnvel þótt menn sjái undireins að skynsemisástæður mæla með því. En um leið og menn fara að skilja, opnast þeim víður og sístækkandi heimur, sem þó er reyndar hinn sami og sá sem séður varð augum, skoðaður með sjón-glerjum og numinn á ýmis viðtökutæki.

Kvasar-fyrirbærin eru vetrarbrautir, eins og ritað var í Interstellar Communication þegar árið 1966 og endurtekið allt fram til ársins 1971. Því fjarlægari sem vetrarbrautir eru, því óbreytanlegri virðast þær yfirleitt, fyrir skoðun stjörnufræðinganna, og yfirleitt sýnist ríkja kyrrð og hreyfingarleysi í viðgeiminum, vegna hinna miklu fjarlægða. En Kvasar-vetrarbrautirnar breyta um lit og lögun á skömmum tíma. Broddurinn lengist! Sú ályktun var óhjákvæmileg, að lögmál lífsins væru þarna að verki á furðu stórtækan hátt, og þessa ályktun dró ég þegar árið 1965 og birti hana árið eftir í áminnztu tímariti. Kvasar-vetrarbrautirnar eru með öðrum orðum Gimheimar eða Himnaríki. Slíkt er þá með öðrum orðum til, og er í náttúrunni, en ekki utan hennar! — Allt sem komið hefur

fram um Kvasana æ síðan, styður þessa ályktun. Og rússneskur stjórnufræðingur, sem ég veit enn ekki nafnið á, hefur nýlega látið í ljós, að það sé fásinna að reyna að skýra eðli Kvasanna öðruvísi en með einhverjum stórkostlegum verkunum lífsins.

„Himin cigið þér í vændum, en ekki himin eins og þér ímyndið yður hann“.

(De Ferriem. Sannýall s. 18).

FLJÚGANDI DISKAR. („Flugkringlur“, UFOar o.s.frv.) Margir hafa talið sér trú um, að „fljúgandi diskar“ væru ekki annað en hugsmíðar og missýningar, en svo mikil áföll hefur sú trú hlotið í seinni tíð, að hér verður ekki neitt haft fyrir því að bera á móti henni. En vegna þeirra sem skilnings æskja, skal þetta sagt:

Fyrirbrigðið er lífaflfræðilegt, gerist á aflsvæði, sem fjölda manna þarf til að mynda. Aðdragandi þess er stundum sá, að einhver sér sambandssýn, og ef skilyrðin eru þau í „andlegu“ umhverfi hans, að hver tekur mark á öðrum, getur vitneskjan um þetta breiðzt ört út á meðal ákveðins mannfjölda. Skapast þá eftirvænting og mót-tækilegur hugur, en það greiðir aftur fyrir því, að hægt er að taka hjá mönnum það afl, sem þarf til þessarar myndunar. Sjálfst fyrirbærið á upptök sín á öðrum hnetti. Þar eru til þesskonar farartæki, sem hér hafa stundum náð að koma fram og hlotið hafa nafnið „fljúgandi diskar“, — og þar á áhöfnin óðul sín. Það hverfur þar og myndast hér og hverfur síðan aftur héðan. — En þess ber að gæta að áður en slíkt farartæki náði að koma fram, sást stundum í loftinu á þeim stað, óreglulegt, þokukennt fyrirbrigði, sem minnir mjög á mökkinn eða slæðurnar, sem sást stundum á undan líkamningunum áður fyrr. Bendir

þetta á náinn skyldleika „diskanna“ við líkamningana, en þeir voru ekki síður rengdir og taldir markleysa en „diskarnir“ hafa af mörgum verið taldir fram undir þetta.

SAKUNTALA OG NÝALL. Indverska orðið Sakuntala taldi höfundur Nýals vera komið frá guðunum, — lengra komnum íbúum annarra hnatta — og þýða: sá kunni tala. Það er: Þegar goðmálugum manni tókst til-takanlega vel að flytja erindi hinna lengra komnu, þá varð þeim þetta að orði, á öðrum hnetti. En hafi einhverjum þótt skýringin ótrúleg, þá mælir það á móti því vantrausti, hve sannfróður sami höfundur hefur orðið um sumar aðrar orðskýringar. Nægir þar að nefna orðið *samband*, sem er á indversku máli *sambanda* og þýðir nákvæmlega hið sama og á íslenzku. En það er hægt að gera sér grein fyrir þessu á þann hátt að þegar sambönd eflast í mannheimi við mannfélög á öðrum hnöttum þar sem fullkomnara mál er talað, þá hefur þetta fullkomnara tungumál áhrif á þróun hins jarðneska tungumáls, þannig að það færist nokkuð í átt til fyrirmyndarinnar. Þesskonar þróun taldi dr. Helgi hafa átt sér stað á forsöguöldum Norðurlanda, þegar íslenzkan var þar að skapast, og hin sömu sambönd taldi hann hafa haft áhrif á þróun sanskrítar (fornindversku) og fornpersnesku. Sömu fyrirmyndina taldi hann vera að baki þessum málum og öðrum, en enn önnur mál hafa aðrar fyrirmyndir. — Að þessi sambönd séu enn ekki með öllu niður fallin, má marka af því, að orðið *sími*, sem einhver orðhagur maður myndaði, kvað vera nákvæmlega eins í nútíma persnesku, og þýða hið sama, og var einmitt við því að búast að orð sem lyti að fjarsamböndum og fjartali kæmist greiddast í gegn á þennan hátt.

Konan Sakuntala Devi, sem er indversk og kom fram í sjónvarpi hér þ. 7. maí 1969, hafði að vísu ekki þann miðilshæfileika sem kenna má við goðorð og guðlegan boðskap, en hún hafði annan, sem mun hafa verið öllu vænlegri til að vekja athygli viðstaddra, og var þetta reikningshæfileiki hennar, sem er að vísu næsta ólíkur öllum venjulegum reikningshæfileikum. Menn kunna að reikna, um það efast enginn, og vita bæði getu sína og takmarkanir í því efni. Og þessvegna undruðust þeir, þegar þessi kona leysti á augabragði þrautir, sem taka mundi æfðustu hugarreikningsmenn langan tíma að leysa og jafnvel vera þeim ofurefli með öllu.

Frá barnsaldri er Sakuntala Devi sögð hafa haft þennan einstæða hæfileika. Þar sem augljóst er að hún leysir ekki dæmin sjálf — verður þessi hæfileiki ekki skýrður öðru vísi en með sambandi hennar við einhvern betur vitandi. Þar sem lífið er á háu fullkonnunarstigi, eru til mannsheilar sem vita undireins svör við öllum stærðfræðiþrautum. Samstilltir hugir milljóna stærðfræðinga þar, taka langt fram jafnvel hinum hraðvirkustu reiknivélum hér á jörð. Einhverra hluta vegna hefur þessi indverska stúlka komið í samband við slíkan samstilltan stærðfræðing á öðrum hnetti, og farið að koma með reikningssvör sem voru umfram hennar eigin getu. Ætla má að þessi hæfileiki hennar hafi verið metinn og dáður af þeim sem þekktu hana, og þessvegna hafi hann náð að þroskast og verða varanlegur. Sakuntala Devi var örugg í framkomu og henni skeikaði ekki á neinu því dæmi sem lagt var fyrir hana. Um hana gátu þeir á öðrum hnöttum sem fylgdust með árangrinum með sanni sagt: sú kunni að reikna!

NÝALL OG TRÚARBRÖGÐIN. „Ultra religionem non contra“ — ekki á móti trúarbrögðunum heldur lengra komið — eru einkunnarorð Nýals, og í anda þeirrar einkunnar reyna þeir að starfa, sem hrifizt hafa af málefni hans. Nýall stefnir að skilningi á því, sem verið hefur viðfangsefni trúarbragðanna, en hver getur búizt við því að trú án skilnings bjargi?

Hver kannast ekki við togstreituna milli trúar og þekkingar, bæði með sjálfum sér, í mannfélaginu og síðum þess, og í því sem rætt er og ritað? Hver kannast ekki við, að sagt hefur verið við hann, að hann verði að trúa? Að það eitt skipti máli, að það eitt muni bjarga honum, en hitt skipti engu máli hvort heimurinn er óendanlegur eða hver saga lífsins á jörðunni hefur verið eða hvaðeina af því sem allir hljóta að leiða hugann að, sem vilja vera hugsandi og fróðleiksúsir menn.

En hvað er það sem verið er að biðja menn um að trúa? Um það er sjaldnast rætt, hvorki af þeim sem teljast vera með trúnni né hinum sem taldir eru vera þar á öðru máli. Oft er bilið þar á milli svo breitt, að þeir geta yfirleitt alls ekki ræðzt við. Fróðlegra kynni að vera að hlusta á þá, sem eru einhversstaðar þar á milli, þó að þeir séu oftast áhrifaminni og minni máttar en þeir sem ákveðnastir eru að velja sér flokk. — Erlend kona, skrifar þeim sem þetta ritar, nýlega á þessa leið (lausleg þýðing):

„Að því er snertir trúarhugmyndir mínar, þá var ég alin upp við kristindóm, en síðar fóru mér að virðast þar margir hlutir ótrúlegir eða a.m.k. ógerningur að trúa þeim, nema þá í allt öðrum skilningi en til var ætlazt í upphafi. Nýja testamentið var samið af mönn-

um, sem uppi voru fyrir tvöþúsund árum og fyrir fólk sem þá var uppi — þegar haldið var að jörðin væri flöt, himinn yfir og helvíti undir — þegar haldið var að stjörnumnar væru göt á festingu himinsins og að Guð sæti þar yfir í háseti sínu. Hvernig var þá unnt að skýra fyrir mönnum hluti eins og stjörnuhröp, hala-stjörnur, sjúkdóma o.s.frv? Að slíkt væri vilji Guðs? Vera má að það hafi verið gert. Hin venjulega útskýring á biblíunni stefnir að því að fá menn til að sætta sig við hvað sem yfir gengur, einfaldlega þannig, að það sé vilji Guðs?“

Þannig spyr fólk um víða veröld, nú á dögum, og margir tala áhyggjuþrungnir um fráhrifið mikla en aðrir telja það eðlilegt og láta sem sér líki vel. Um Nýal er það að segja, að hann skapar hvoruga þessa afstöðu, heldur nokkuð sem stendur fyrir ofan slíkt, nefnilega nýjan skilning. Nokkur vísir til þessa nýja skilnings var fyrir hendi þegar í heimspeki Brúnós. Brúnó var maðurinn, sem fyrstur skildi, að þessi hvelfing fornaldar- og miðaldamanna var engin til og þar af leiðandi ekkert háseti uppi á henni. En þetta gerði hann þó ekki að guðleysingja. Hann sagði, að guð væri í öllu og allsstaðar, um hinn óendanlega geim, að allt væri hans og sköpunarmátturinn ótakmarkaður. En hitt hefði verið fjarri Brúnó að segja, að guð hefði markað sér eða helgað þessa jörð sérstaklega, fremur en allar aðrar jarðir í alheimi, til þess að halda henni á einhvern hátt út af fyrir sig, því að slík hugsun ber merki takmörkunar og þröngsýni. Hin rétta guðsfor-sjón er sú, sem leiðir mannkynið til víðsýns stjörmusam-bands, frá þeirri skaðlegu og hættulegu einangrun, sem



KVASAR. Broddurinn lengist! Rússneskur stjörnufræðingur segir að þetta og önnur einkenni slíkra vetrarbrauta sé fráleitt að skýra nema með einhverjum stórkostlegum verkunum lífsins. Sjá bls. 47.

Það er í, en sú einangrun stafar af vanþekkingu á sambandinu.

Eins og kenning Brúnós, þá er kenning Nýals í rauninni ekkert annað en ný þekking, sjálfsagðar staðreyndir þegar fram á þær hefur verið sýnt, og meðal hins allra mikilsverðasta í þeim efnum er þetta:

Svo sem mannslíkaminn er samsettur af billjónum örsmárra lífvera, sem nefnast frumur — en þær vinna svo merkilega saman að úr því verður sú heild sem nefnist maður — þannig myndar samstillt mannkyn þá heild sem hefur sameiginlega meðvitund. Einstaklingseðlið hverfur ekki, heldur þroskast fyrir sambandið, og hin æðri meðvitund er ótrúlega miklu fullkomnari en einstaklingsvitundin gat gefið tilefni til að ætla. Hinar ýmsu trúarhreyfingar mannkynsins eru sprotnar af þörfinni til að stefna að þessu markmiði samstillingarinnar, en hitt getur ekki farið á milli mála, að þær eru, allar sem ein, ófullnægjandi til þess að því markmiði verði náð. Hverjum dettur t.d. í hug að halda því fram, að allir kristnir söfnuðir, hverju nafni sem nefnast, séu ein samstillt heild, eða þá allur Múhameðslýður eða þá allir þessir flokkar sameiginlega? — Enginn sem reynir að komast nærri hinu sanna, mun neita því, að margt merkilegt gerist þar sem menn verða samhuga í trú, en löng saga sýnir, að hættur nokkrar eru á þeirri leið, og engin trúarhreyfing hefur enn náð því að verða farsæl til lengdar. Ef einhver héldi að það hafi verið farsælar aldir, meðan trúarbrögðin voru í hámarki sínu, þá skjátlast honum, en hitt væri ekki síður hrapallegt að ætla að taka frá mönnum þetta sem trúarbrögðin hafa verið, án þess að gefa þeim nokkuð í staðinn. Lausnin er sú að vaxa fram yfir trúarbragðastigið, og komast á þá leið sem liggur til al-

samstillingar lífsins í alheimi — en á þeirri leið samstillist ekki aðeins lífið í heild á hverjum hnetti fyrir sig, heldur einnig þær heildir til þátttöku í enn æðra sambandi. Alheild lífsins og alvitund er til, — í náttúrunni en ekki utan hennar —, en aðeins ónóglega hefur hún náð að beina geislun sinni niður í það djúp eynda og sorga, sem hnettir hinna fáfróðu mannkynja eru.

SAMBANDSLÆKNINGAR. Það er alkunnugt, að fjöldi manna hér á landi telur sig hafa fengið varanlega bót á veikindum, fyrir tilstilli miðla, huglækna og annarra, sem beina hug sínum að því að veita þessa hjálp. Það er talið að ýmsir lærðir lækna séu ekki mótfallnir því, að slíkt sé reynt, og að þeir þekki reyndar dæmi um skyndilegar lækningar, sem þeir eiga erfitt með að skýra. En ef talað er opinberlega um þessi mál, eru þeir yfirleitt tregir til að láta nokkuð ákveðið eftir sér hafa, og þykir sumum þeir sýna nokkra óbilgírni í því efni. Það eru þó litlar líkur til að sú afstaða breytist, fyrr en nokkuð margir lækna fara að taka upp og tileinka sér þær skýringar, sem hér geta komið að gagni: Læknisfræðina vantar hér skýringu, — en þar með er ekki sagt að engin skýring hafi komið fram, þó að menn hafi enn ekki árátt að taka hana upp og hagnýta sér hana.

Þegar slík lækning tekst, þá er það oft á þann hátt, að einhver aðstandenda eða vina hins sjúka biður um hjálp handa honum. Tilraun er gerð, og álitur sá, sem fyrir henni stendur, víst alltaf, að einhver framliðinn, helzt framliðinn lækni, standi að þessu með sér. Þegar þetta er reynt, gerast stundum furðulegir hlutir. — Þegar ég las það í Nýal forðum, (samkvæmt frásögn J. Hambergers), að systir hermáns, sem refsað var, og fékk þátt í sárs-

auka hans fyrir fjarsamband, hefði fengið sár á bakið eins og bróðirinn, tók ég eftir því, að einhver sem lesið hafði bókina á undan mér, í lestrarfélagi, hafði sett sviga utan um þá setningu! Lesandanum mun hafa þótt kenningin um lífstarfsleiðslu, að því er snertir taugakerfið, ljós og aðgengileg, en haft efasemdir gagnvart því að hold og hörund gætu tekið slíkum breytingum. En það væri víst lítill vandi að safna hér á landi dæmum svo tugum skipti um það, að gróið hefur og holdfyllt á skammri stundu og nýr frumuvefur myndast, þar sem ógræðandi virtist eða lítil von um að batnað gæti — auk hinna fjölmörgu dæma um sjúkdóma á háu stigi, sem skyndilega fékkst lækning á.

Skýringin á þessum „andlegu“ lækningum — sem oft eru ekki andlegri en svo, að þær skilja eftir sig samskonar ummerki á hörundi og skurðlækningar — er sú, að fyrir stilliáhrif frá miðli, huglækni, eða bænakonunni, kemst sjúklingurinn í samband við mann á öðrum hnetti, sem hefur skilyrði til þess að veita honum þátttöku í hreysti sinni. Aðstreymi lífmagnsins, þess hins sama sem veldur svefni og draumum, verður þarna í óvenjulega ríkum mæli vegna góðra stilliáhrifa.

TRÚIN Á ENDURBURÐ OG „FYRRI LÍF“. Ástæðan til þess að trúað hefur verið á endurburð, er sú, að menn hafa ekki þekkt greininguna milli frumlífs og framlífs eða með öðrum orðum ekki vitað um eðli framlífsins. — Það kemur fyrir, að í huga manns fer að skjóta upp ýmsum endurminningum, framandi og annarlegum. Eru þær stundum dreifðar og stopular, en stundum furðu samfelldar og sögulegar. Engin leið er að koma þessum minningum heim og saman við ævi mannsins sjálfs, frá

fyrstu bernsku, eins og hann og aðrir muna hana. Skýringin á þessari reynslu er sú, að einhver er í framlífi að rifja upp minningar sínar um líf sitt á jörðinni, og um leið og honum verða þær ljósar og hugstæðar, leitar hugur hans til staða eða staðar á jörðinni, sem þessar minningar eru tengdar. Fer þá einhver, sem þar er staddur, að taka við þessum áhrifum, og finnst þessum viðtakanda þá, að þetta séu sínar eigin minningar. Ef skilningur er fyrir hendi og þekking á sambandinu, getur þessi reynsla orðið upphaf að fögru sambandi við mannfélag á öðrum hnetti, því að þessi minningauppljómun er undirstaða djúps og náins sambands. En venjulega túlkar fólk þetta samband eftir einhverri trú sinni, og ein slík trú er endurburðartrúin. Þar sem hún er ríkjandi, eru þessar minningar teknar sem sönnun þess, að maðurinn hafi lifað. áður, en enginn áhugi vaknar á því að kynnst lífi hins framlíðna, sem raunverulega er þarna á bak við. Menn vita þar með öðrum orðum ekki, að framlíðinn er þarna að verki. En undireins og farið er að setja þessa reynslu í samband við miðilshæfileika, verða menn hótí nær skilningi á þessu fyrirbæri og endurburðartrúin þokar. C. T. K. Chari, prófessor í Madras á Indlandi, hefur gagnrýnt stuðningsmenn endurburðarkenningar fyrir að gefa engan gaum að þessum möguleika.

Helgi Pjeturss hefur sagt: „Það hefur verið trú manna mjög víða, og er ennþá, einkum í Austurlöndum, að mennirnir fæðist hjer á jörðu aftur og aftur, sjeu endurbornir, eins og sagt er í Eddu. Undarleg trú virðist þetta vera, mjög, að þeir sem dánir eru, fæðist aftur, nú í einni ætt, nú í annarri, nú hjá einni þjóð, nú hjá annarri. En margir skynsamir menn hafa þessa trú, og í guðspeki, þeósófi, er hún undirstöðuatriði“.

Þetta eru upphafsorð þeirrar ritgerðar, sem nefnist: *Íslenzk heimsfræði og trúin á endurburð, reincarnation.* (Ennýall s. 247). Það er óhætt að segja, að hvergi hefur aðalatriði guðspekinnar og endurburðartrúarinnar verið gerð betri skil en einmitt í þeirri ritgerð, og er því hægt að mæla með henni við hvern þann sem áhuga hefur á þeim málum.

— Þat var trúa í forneskju, at menn væri endr-bornir. . . —

Edda Sæmundar.

ANDAHEIMUR OG „ÖNNUR SVIÐ“. Frá fornu fari hafa menn trúað á anda, á það að andi mannsins væri aðskilinn líkamanum og gæti starfað án hans — en það er óhugsandi og er í mótsögn við alla náttúrufræði. Hvað þetta snerti voru norrænir formenn að nokkru leyti merkileg undantekning: „svá skildu þeir at allir hlutir væri smíðaðir af nökkuru efni“. Undir lok þjóðveldisins ryður trúin á anda sér til rúms hér á landi, fyrir erlend áhrif, og var það ekki til bóta. En af því að trúa á anda leiðir það, að menn hugsa sér andaheim, og hafa menn hugsað sér hann samofinn og samtengdan heimi raunveruleikans á ýmsan hátt, en þó fyrst og fremst óskiljanlegan. Skal nú sagt frá gullvægu dæmi, sem skýrir það, hvernig trúin á andaheim hefur getað orðið til. Á einum stað á Hvalfjarðarveginum er talið reimt og hafa ýmsir orðið þar varir við sitt af hverju. Þrír menn voru þar á ferð í bíl, og verður þá öðrum farþeganum, manni sem ekki er uppnæmur fyrir hverju sem er, það fyrir, að hann þrífur í þann sem ók, og spyr höstuglega hvort hann ætli að aka á hestinn. En þar var þá enginn hestur. Hafði farþeginn „séð“ hest þar sem enginn var, og af því að hann var glöggskyggn

og góður athugari, gerði hann sér nú ljóst, að runnið hafði á hann höfgi í þessu bili, og að hestsýnin var „ekki annað en“ draumsýn. En svo skýr var sýnin og glögg, að hún vekur honum alveg sömu viðbrögð og raunverulegur hestur mundi hafa gert.

Sambandssýnir slíkar skýra sálfræðingar og þeir, sem þeim fylgja, sem „ofsjónir“ og gera þær þannig marklausar og einskisverðar, en það er nokkuð sem skynjandinn á því erfiðara með að meðtaka sem honum er sýnin í ferskara minni. Andatrúarmaðurinn heldur hinsvegar, að hluti af andaheiminum hafi þarna orðið sýnilegur, en raunverulega er um fjarsýn að ræða til annars staðar, fyrir samband. Á þeim stað er hesturinn til, með því útliti sem maðurinn sá, og er þó ekki af neinu andaheimsefni gerður fremur en neitt annað í tilverunni.

Eftir því sem þekkingunni fór fram á síðari öldum, fór mönnum að verða ljósara að efni og andi verða ekki aðskilin, og fór andatrúin að þykja hjákátleg. En vegna þess að fyrirbrigðin héldu áfram að gerast, leitaði hún á jafnharðan, og voru þá gerðar endurteknar tilraunir til að klæða hana í „vísindalegan“ búning. Það vildi svo til, að í eðlisfræðinni var þá uppi hugmynd, sem enginn skildi, og mátti því nota á ýmsa vegu, og var þetta kenningin um eter. Eftirlætisorð spíritista um og eftir síðustu aldamót var eter. Eter kom í stað andaheimsins. Eterhugmyndin er nú algerlega horfin úr eðlisfræðinni og kannast þar enginn við tilveru hans lengur. Önnur skýring þessari skyld og nátengd var há sveiflutíðni — efnisins í andaheiminum (!). Ekki reyndist sú hugmynd eiga sér mikla stoð í eðlisfræðinni, þegar að var gáð. — „Fjórða vídd“ kom síðar upp (einnig 5., 6. og 9. vídd), og er hún enn algeng í dulfræðibókmenntum. Eðlisfræðingar vita vel að

hún er ekki annað en reikningsaðferð gagnvart tímanum í sambandi við rúmið, og að þar kemst enginn andaheimur fyrir, og ekki þarf þá heldur að fara neitt nánar út í hinar „hærri víddir“.

Andefni (antimatter) er tiltölulega nýfarið að nota, sem haldreipi dulhyggjunnar. Það er í sjálfu sér ekki neitt dulfræðilegt og er rannsóknarstofutilbúningur, að svo miklu leyti sem það er til. En hitt væri úr lausu lofti gripið ef einhver vildi fara að halda því fram, að nokkur merki hefðu sézt um það utan úr geimnum. Nefna mætti ýmis önnur nöfn á andaheimi, svo sem „astralplan“, „geðheimur“, „æðri svið“, „yfirskilvitlegt svið“ o.s.frv. Þó að orðfærið kringum slíkar hugmyndir sé oft allt annað en skemmtilegt, má ekki gleyma því, að oftast er einhver reynsla á bak við, sem fróðlegt gæti verið að athuga.

— Andaheimi hrundið, handrið aðeins standa —

Dorskabítur.

UNDIRVITUND er hugtak, sem komst inn í sálarfræðina undir lok 19. aldar eins og áður var að vikið, og hefur hún þar verið gerð að safnheiti ýmsra fyrirbæra lífs og hugsunar, sem áttu fátt sameiginlegt annað en það að menn höfðu ekki skilið þau. Undirvitund er loðið hugtak og óljóst, sem hvorki skýrir eðli drauma, dulræn fyrirbæri né minnishæfileika manna, og þó allra sízt sambandið milli karla og kvenna, svo sem mjög hefur þó verið á loft haldið. Undirvitund sýnir ekki fram á neitt samband milli hluta og atburða, heldur er hún svar, sem nægir þeim sem sér nægja láta. *Sálfræðingar* játa nú, að tilvera undirvitundarinnar (dulvitundar) hefur aldrei sannast og

að hún er jafnhæpin tilgáta nú og þegar hún kom fyrst fram.

BOÐSKAPURINN UM TILGANGSLEYSI alls lífs og allrar viðleitni, lætur mjög á sér bera á upplausnarskeiðum, þegar menn vita minnst hvað þeir eiga af sér að gera eða hvernig þeir eiga að lifa lífinu. Besta ráðið við þessum faraldri er að læra íslenzku dálítið betur en þeir sem slíku halda mest á loft, því að flestir orðkækir þeirra og hrópyrði stafa af óljósri hugsun og vankunnáttu í málinu. Það er t.d. hin augljósasta mótsögn að hafa tilgangseleysið fyrir markmið eða halda fram þeirri skoðun að það sé fráleitt að hafa nokkrar skoðanir. Íslenzkan er hið bezta vopn gegn ýmsum samsetningi af þessu tagi, sem komið hefur upp í seinni tíð, og sannar það skoðun R. Chr. Rasks á þessari tungu vorri. Sagðist hann eiga betra með að hugsa ljóst á því máli en hverju öðru, sem hann kunnir. En þau voru nokkuð mörg.

NÝALL OG ÍSLENDINGASÖGUR. Sambandið milli Nýals og annarra bókmennta, sérstaklega íslenzkra forn­bókmennta, er margþættara en svo, að því verði gerð skil í stuttu máli. Engum getur þó dulizt líkingin í rithætti með Nýal og hinum beztu fornsögum Íslendinga, eins og t.d. þeirri sem kennd er við Njál þann, sem nefndur hefur verið Níall af samtíðarmönnum sínum.

Að því er snertir skilning dr. Helga á Íslendingasögum, þá skal hér aðeins minnt á, að hann hélt því oft fram, að ástin á sannleik og sannfræði hefði verið aðalsmark sagnritaranna. „Höfundarnir rannsaka söguefni sitt með glöggskyggni ágæts vísindamanns, og rita síðan söguna af skáldlegri snild, eða eins og ef til vill væri rjettara að

segja, af meir en skáldlegri snild“ (Íslenzka Snorra Sturlusonar, Nýall s. 379).

Með þessari aðferð, og með þessum hæfileikum tókst höfundum sagnanna þetta einstæða, og í sumra augum nærri óskiljanlega afrek, að rita nokkurnvegin réttar sögur af atburðum, sem höfðu gerzt öldum fyrr.

12. Líf er á öðrum stjörnum.

Niðurlagsorð.

„Líf er á öðrum stjörnum“ segir í fyrrsögn þessarar bókar, og er þar um að ræða sjálfsgöð sannindi, sem enginn ber nú lengur við að mæla á móti. Það væri heldur á hinn veginn, að mönnum þætti þetta of sjálfsgagt til þess að það þurfi að vera að segja það. Einungis á útjaðri vitheims, einungis þar sem ríkjandi er hin myrkasta fáfræði, „láta menn sér til hugar koma aðra eins fjarstæðu og þá, að lífið sé einskorðað við einn minni háttar hnött, af öllum þeim biljónum eða deciljónum eða sentiljónum af stjörnum, sem hvarfa í geimnum“.

„Líf er á öðrum stjörnum“ segja vísindin, og má því segja að þau séu einmitt nú á þessum árum að enduruppgötva það sem Kópemíkus og þó einkum Brúnó báru fram, um leið og þeir beindu mannkyninu á þá braut að hugsa sjálfstætt um himin og jörð og alla hluti, fyrir nokkur hundruð árum. En þó að þetta sé nú orðin almenn skoðun vísindamanna og hugsandi manna um alla jörð, þá hefur það átt sinn aðdraganda, að svo hefur orðið. Og ef menn vilja gera sér grein fyrir þeim aðdraganda,

þá getur enginn látið það fram hjá sér fara, að slík skoðun á heimi og lífi, var komin fram af hendi íslenzks vísindamanns fyrir mörgum áratugum, né heldur það, að slík hugsun hefur hér verið vakandi æ síðan, hvað sem liðið hefur stefnum og straumum í öðrum löndum.

„Líf er á öðrum stjörnum og samband er milli alls lífs í alheimi“ var niðurstaða hins mikilhæfa vísindamanns, dr. Helga Pjeturss, og einnig þar er um að ræða það sem augljóst er, þegar einu sinni hefur verið á það bent. Alveg eins og menn sjá það undireins, hvað það er óeðlilegt að hugsa sér lífið bundið við aðeins einn hnött, þannig verður ur mönnum það ljóst, jafnskjótt og þeir leiða hugann að því, hvað það væri fráleitt að hugsa sér líf á milljónum og billjónum hnatta, sem þróaðist þar þó algerlega einangrað og fráskiðið hvað öðru: Einangrað og sambandslaust líf, væri sama og ekkert líf, og alveg liggur þetta ljóst fyrir, þegar fundið er, að efnasamböndin leita fram til lífs, fyrir áhrif geislunar, og að lífgeislunin er óbrigðult einkenni lífsins hvar sem það birtist.

„Líf er á öðrum stjörnum, og samband lífsins leiðir í ljós, að framhald lífsins verður þar“, segir kenning dr. Helga, og er þetta sá þáttur hennar, sem sumum hefur þótt ótrúlegur mjög, en þetta er þó einmitt hið allra mikilsverðasta. Því hvers virði er öll þekkingarframsókn manna, ef hún beinist aldrei að því sem mestu varðar, og hvers virði væri stutt æviskeið, ef framhaldið vantaði? Og hver er svo fornescjulegur í hugsun að halda, að þetta megi ekki vita, ef það er hægt?

Hvaða þýðingu hefur það að vita af lífinu eftir dauðann og af sambandi manna við hina látnu? Hvaða rök eru fyrir því, að menn séu betur komnir með því að hafa slíka þekkingu, heldur en með því að hugsa sem minnst

um slík mál? Er ekki nóg annað til að hugsa um, og er ekki bezt að láta þetta bíða, þangað til að því kemur?

Við þetta er það í fyrsta lagi að athuga, að fáum þykir ráð að leggja upp í langa ferð án þess að vita um áfangastaðinn. Og þessi ferð, lífgeislaferðin til annars hnattar, er sú sem allir eiga fyrir höndum. Þekkingin á framhaldi lífsins á eftir að verða hverjum og einum hagnýt þekking, í sannasta skilningi þeirra orða.

Þekkingin á sambandi lífsins í alheimi leiðir í ljós, hversu ákaflega mikilsverð þessi vitneskja er. Framlífsmannfélög eru til, og þau hafa býsna ólíka stefnu: sum stefna til fullkomnunar, önnur gera það ekki, sum til hins gagnstæða við fullkomnun (Sbr. 9. kafla). Munurinn er meiri en á myrkri og ljósi, því að það er helstefna eða lífstefna, sem um er að tefla. Hugmyndir trúarbragðanna um himnaríki og helvíti byggjast á misskilinni sambandsvitneskju um slíka framlífsstaði, en eins og allar misskildar hugmyndir komu þær aldrei að verulegu gagni.

Frumlífsmannfélögin, staðir eins og þessi jörð og aðrar á líku stigi, verða fyrir áhrifum frá þessum sem lengra eru komnir til ills eða góðs, og má nú nærri geta, að nokkru muni skipta, á hvorn veginn þau áhrif verða. Mennirnir eru í lífi sínu hér á jörð, á vegamótum milli þessara tveggja mjög ólíku stefna, og hver maður er eins og viðtökutæki þeirra áhrifa sem hingað er stefnt — og reyndar einnig senditæki. Og hvort skyldi nú vera betra, að mönnum sé þetta ljóst, eða að hér sé allt í þoku og misskilningi?

Bókin sem hér liggur fyrir, er tilraun til að greiða fyrir skilningi á þessum málum: Bókin varðar kenningu dr. Helga Pjeturss, eins og fram kemur í undirfyrirsögn hennar og reyndar öllu efni hennar. En því fer fjarri að

sá sem lesið hefur þessa bók, þekki þar með alla þá kenningu. Engin bók kemur í staðinn fyrir Nýal dr. Helga og þó að ritaðar væru tíu bækur á borð við þessa, væri engu nær verið því, að endursegja þá bók. En þessi bók heitir ágríp, af því að hér hefur verið gripið á nokkrum undirstöðuatriðum þeirrar kenningar, sem Nýall er, eins og þau horfa við nú á dögum, eftir að margt nýtt hefur komið fram í vísindum og ýmsum málum, sem ekki var tiltækt á dögum höfundarins. Geta menn nú reynt að gera sér grein fyrir þessum atriðum, hverju fyrir sig, og sambandi þeirra við aðalmálið og jafnframt fyrir því, hver muni vera afstaða þeirra sjálfra. Enda skal nú stuttlega farið yfir þessi atriði með því að rekja röð kaflanna eins og þeir standa í þessari bók.

Fyrsti þátturinn er fáein atriði um ævi og störf dr. Helga, og er ekki vafi á því, að margir munu kunna þar nokkru við að bæta, hver út frá sínu sjónarmiði.

Annar þáttur rifjar upp nokkur almenn atriði um þennan hnött sem nefnist Jörð, og um afstöðu hans gagnvart alheiminum.

Þriðji kafllinn vísar nokkuð að þessu undirstöðuatriði, sem hugsambandið er, að erlendum viðhorfum til þeirra mála, og að upptökum þeirrar fræðigreinar, sem nefnd er fyrirburðafræði, eða parapsychology á erlendum málum. Líffræðingurinn Þorsteinn Þorsteinsson frá Húsafelli hefur nefnt þetta sambandsálfræði á íslenzku, og er það að ýmsu leyti betra nafn en fyrirburðafræði.

Fjórti kafllinn er um draumakenningu dr. Helga, sem rakin er að nokkru með beinum tilvitnunum í rit hans, og í fimmta kafla er sagt frá ýmsum nýjum erlendum at-hugunum, sem koma þar til samanburðar. Þessir kaflar hefðu reyndar mátt vera fyllri, sérstaklega hvað varðar

samband eigin endurminninga við drauminn. Í „Tunglgeislum“ og „Samtölum“ Þorsteins Jónssonar er víða komið að þýðingu endurminninganna fyrir skilning á draumvitundinni, og taldi dr. Helgi þar vera um nýtt framlag að ræða og viðbót við sína kenningu.

Þá er rakið að nokkru samband hinnar nýju ljósmyndunartækni, sem leitt hefur í ljós lífgeislunina, við kenningu dr. Helga og vænti ég þess, að ýmsum muni finnast sá samanburður fróðlegur. Það hljóta að þykja nokkur tíðindi, að lífgeislunin skuli nú vera orðin að undirstöðuhugtaki í vísindum Austurvevrópumanna, og þá er ekki heldur nein ástæða til að leyna því að íslenzkur vísindamaður myndaði þetta orð og notaði um langt skeið, á fyrra helmingi þessarar aldar. Orðið bioradiation er myndað á Íslandi, og héðan er það komið. — En hitt er nú reyndar mest um vert, að lífgeislun hefur sýnt sig að vera sú staðreynd sem þessi íslenzki vísindamaður sagði að hún væri.

Í kaflanum um stilliáhrif hef ég tekið dæmi af eigin draumum og skyldri reynslu kunningja minna, enda er það eðlilegast. Því betur sem mönnum lærist að athuga drauma sína á sjálfstæðan hátt, byggja skilning sinn á eigin reynslu, því betri heimspekingar verða þeir og sjálfstæðari í skoðunum.

Kaflinn um frumlíf, framlíf og samstillingu snertir þessa aðalgreiningu lífsins í alheimi, að á sumum hnöttum verða aðeins til nýir einstaklingar vegna getnaðar af foreldrum, en annarsstaðar verður fjölgun fyrir tilgeislan þeirra sem hverfa frá öðrum hnöttum.

Kaflinn um miðilfundi og spíritisma er mjög nauðsynlegur, og hefði lengi mátt við hann bæta. En mikilsvert er, ef menn læra að gera sér grein fyrir skyldleika draumsambands og miðilssambands, því að sá samanburður

greiðir fyrir skilningi á raunveruleikanum að baki hvors-
tveggja.

Næstsíðasti kaflinn tekur yfir ýmis mikilsverð málefni,
fyrirbæri og hugmyndir, sem óhjákvæmilegt þótti að
minnast á, og gefur þetta nokkra hugmynd um hve víða
þessi kenning varpar ljósi sínu. En þó er kenningin ein-
föld og auðskilin, og einmitt þessvegna kemur hún svo
víða við.

Ég vona að bókin megi verða þeim, sem lesa hana, áfangi
á leið til skilnings á hinu mikilsverða efni. Bókin er tilraun
til að vekja athygli á kenningu Nýals, en jafnframt er
hún vottur þess, að sú kenning er, jafnvel meir en nokkru
sinni fyrr, lifandi og starfandi afl, sem bætir sífellt við
sig af tengslunum við það sem er og gerist.

Félag Nýalssinna gefur bókina út, og er það bezta ósk
mín til framtíðarinnar, að þetta litla rit megi verða upp-
haf að öðru meira, og nýjar hugsanir og framkvæmdir nái
að streyma fram.

Þorsteinn Guðjónsson.

Dr. HELGI PJETURSS:

NÝALL

Sex bindi

Nýalarnir komu út í þessari röð: Nýall (1919—1922), Ennýall (1929), Framnýall (1941), Viðnýall (1942), Framnýall (1943) og Þónýall (1947). Önnur prentun kom út árið 1955 á vegum Félags Nýalssinna. Dreifingu annast Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Langholtsvegi 111 Reykjavík. Sími 85433.

FÉLAG NÝALSSINNA

Stofnað 1950

Aðsetur: Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími: 40765. Pósthólf: 1159, Reykjavík.

Markmið félags Nýalssinna er að vekja athygli á kenningu dr. Helga Pjeturss um lífsband milli stjarnanna og að afla henni þeirrar viðurkenningar, sem nauðsynleg er.

Prentun og setning: Prentverk Kópavogs.

LÍFGEISLUN. Nýaftekið fífilsblað ljósmyndað í hátíðnisviði.
Pegar blaðið þornar, hverfur bjarminn. Allar lífverur hafa þessa
geislun. Hversu langt heldur þú, að þín geislun nái? Lesið
kaflann: Lífgeislun er sönnuð (bls. 22).
Íslensk mynd: Ævar Jóhannsson.

